

Áhætta að útbúa íslenskt bókunarkerfi

Ráðherra segir áhættusamt að stofna íslenska bókunarkerfi til höfuðs erlendum. Framkvæmdastjóri SAF vill skoða málið og leggja í greiningu.

FERÐAÞJÓNUSTA Ráðherra ferðamála segir að vakin hafi verið athygli á möguleika á að setja upp sérislenskt bókunarkerfi til þess að losna undan hárrí söluþóknun sem fyrirtæki í ferðaþjónustu greiða erlendum bókunarsíðum fyrir bókunir ferðamanna í gegnum síðurnar. Til dæmis er áætlað að söluþóknunir bókunarrisans Booking.com vegna sölu gistingar á Íslandi nemi að minnsta kosti fimm milljörðum á ári miðað við 15 prósentu þóknun af heildarkostnaði gistingar. Þórdís segir þó að því fylgi talsverð áhætta að ætla að markaðssetja slíkt bókunarkerfi með tilætluðum árangri.



Þórdís Kolbrún R. Gylfadóttir, ráðherra ferðamála.

Íslensk fyrirtæki í greininni væru til í að draga úr framboði á stóru síðunum og inn í svona kerfi. Ég held að þetta sé þess virði að skoða betur, en það er mörgum spurningum ósvarað.

Ferðamálastofa sendi í júlí ábendingu til Samkeppniseftirlitsins um starfsemi Booking.com. Telur Ferðamálastofa álitamál hvort skilmálar fyrirtækisins standist samkeppnislög þar sem þeir feli mögulega í sér íþyngjandi skilyrði fyrir viðskiptavini þess og hindri þar með eðlilega samkeppni.

Ferðamálastofa segir að margt bendi til þess að markaðshlutdeild Booking.com hafi náð yfir 50 prósentum á umræddum markaði og á þeirri forsendu sé líklegt að fyrirtækið teljist hafa markaðsráðandi stöðu hérlandis.

Jóhannes segir samtal á milli Samtaka ferðaþjónustunnar og norrænna og evrópskra systursamtaka á hótél- og veitingamarkaði um ýmis atriði varðandi skilmála erlendu bókunarkerfanna. „Sum þessara atriða hafa komið fyrir dómstóla en þau mál hafa ekki unnist. Okkar hlutverk er að tryggja hagsmunir fyrirtækjanna gagnvart þessari markaðsráðandi stöðu síðanna. Þá er mikilvægt að vel sé fylgst með þeim reglum sem gilda innan EES og á Íslandi. Þetta eru miklir hagsmunir. Það og aðrar lausnir, eins og að búa til fleiri kanala þar sem hægt er að bóka til dæmis gistingu, þetta þarf allt að vinnast saman.“ —ósk

„Það getur verið þungbært fyrir lítil fyrirtæki að treysta á utanaðkomandi síður til að sinna bókunum fyrir sig á sama tíma og það getur verið ein mikilvægasta aðferð þeirra til að koma þjónustu sinni á framfæri gagnvart ferðamönnum og ákveðnum mörkuðum. Þegar skoðaður er rekstur fyrirtækja í greininni má sjá að mörg þeirra eru að greiða hátt hlutfall til þessa,“ útskýrir Þórdís og segir eðlilegast að ef uppsetning á íslenskri bókunarkerfi kemur til frekari skoðunar ættu Samtök ferðaþjónustunnar að leiða þá vinnu, þ.e. greinin sjálf.

Jóhannes Þór Skúlason, framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar, segir að hugmyndum um stofnun slíks bókunarkerfis hafi verið velt upp í viðleitni til þess að minnka hversu háð íslensk fyrirtæki í greininni eru erlendum bókunarsíðum. Nauðsynlegt sé að leggja í greiningu á því hvað stofnun slíks kerfis fæli í sér. „Ég held að þetta sé hægt. Hins vegar eru stóru bókunarsíðurnar eins og Booking.com með markaðsráðandi stöðu á heimsvísu. Það er verðugt umræðuefni að hve miklu leyti



Alls mættu rúmlega 50 þúsund manns á tónleika Eds Sheeran á Laugardalsvelli um helgina. Sheeran var einn á sviðinu og heyrðist í honum víða um borgina. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

FRÉTTABLAÐIÐ Fleiri myndir frá tónleikunum er að finna á +PLÚS-síðu Fréttablaðsins. Fréttablaðið +PLÚS er í Fréttablaðs-appinu og PDF-útgáfu á Fréttablaðið.is.

Lögregla skoðar hvort fært sé fyrir kafara

LÖGREGLUMÁL „Þeir hópar sem voru í verkefnum við Þingvallavatn kláruðu sín verkefni síðdegis. Nú er það lögreglan sem tekur ákvörðun um framhaldið,“ segir Davíð Már Bjarnason, upplýsingafulltrúi Landsbjargar. Björgunarsveitir leituðu um helgina að erlendum ferðamanni í og við Þingvallavatn. Gengið var með hunda og notast var við bát við leitina.

Lögreglan á Suðurlandi hefur í samráði við sérsveit Ríkislögreglustjóra athugað hvort fært sé fyrir kafara að kafa niður við inntak Steingrimsstöðvar.

Talið er að ferðamaðurinn hafi verið einn á ferð. Utanríkisþjónustan hefur haft samband við fjölskyldu hans. — ab

Fréttablaðið í dag

Halldór



SKOÐUN Guðrún Hafsteinsdóttir ræðir um að halda kolefnissporinu í lágmarki. **8**

SPORT Raheem Sterling var úthrópaður en er dýrkaður og dáður í dag. **12**

TÍMAMÓT Genfarsamningarnir sjötíu ára í dag. Aldrei mikilvægari, segir utanríkisráðherra. **14**



LÍFIÐ Margrét Erla Maack heldur námskeið í veislustjórn. **22**

PLÚS 3 SÉRBLÖÐ • FÓLK
• FASTEIGNIR • EININGAHÚS

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

AUSTURBÆR
VIÐBURÐAHÚS
FUNDIR, VEISLUR
TÓNLEIKAR & FL.
3 SALIR
50 - 1.000 GESTIR

Tales from Iceland LUXOR

518 4000 / info@tales.is

Betolvex B-12

Betolvex 1 mg cyanocobalamin.

Fæst án lyfseðils

1 mg (cyanocobalamin) filmhúðaðar töflur
Betolvex inniheldur 1 mg af cyanocobalamin (B12-vítamíni). Betolvex er gefið við B12-vítamínskorti og þegar hættu er á slíkum skorti. Viðhaldsskammtar/ fyrirbyggjandi meðferð: Venjulega 1 tafla á dag. Töflurnar skal helst taka á fastandi maga. Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leiðið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is

Actavis 01/2022

FLOREALIS


Haltu þínu striki!

Harpatinum við gigtar- og liðverkjum. Bætur hreyfigetu og dregur úr stírléika.

Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leiðið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á [serlyfjaskra.is](http://www.serlyfjaskra.is).

Fæst án lyfseðils í næsta apóteki Viðurkennt af Lyfjastofnun

Veður



N- og NV, 10-18 m/s. Rigning NV-lands, slydda/snjókoma til fjalla. N 10-18 m/s á morgun, lægir styttir upp A-til síðdegis. Hiti 3 til 8 stig, lengst af bjart syðra, hiti 10 til 15 stig. **SJÁ SÍÐU 16**



Guðmundur leigir út barnabílstóla.

Keypti upp lagerinn hjá VÍS

VIÐSKIPTI Fyrirtækið Barnabílstólar.is hefur keypt upp lager Tryggingafélagsins VÍS af barnabílstólum og er byrjað að leigja þá út, en VÍS hætti í apríl útleigu á bílstólum til viðskiptavina sinna.

Mikil eftirspurn er eftir barnabílstólum til útleigu og segir Guðmundur Birgir Ægisson, eigandi Barnabílstóla.is og fyrrverandi starfsmaður VÍS, að viðskiptavinir hans hafi tekið vel í hugmyndina.

Fyrst það er enginn annar að gera þetta þá ákvað ég bara að gera þetta sjálfur

Guðmundur Birgir Ægissonn, eigandi Barnabílstólar.is

„Hvert barn þarf að meðaltali þrjú barnabílstóla á ævinni og getur það verið mjög kostnaðarsamt fyrir foreldra. Ég þekki þennan bransa vel, á sjálfur barn og fyrst það er enginn annar að gera þetta þá ákvað ég bara að gera þetta sjálfur,“ segir Guðmundur.

„Ég fór út núna í júní til framleiðanda stólanna og fór þar yfir praktísk atriði, en öryggið er sett á oddinn hjá okkur. Ef eitthvað kemur upp á eða þegar barnið stækkar þá fær fólk nýjan stól,“ segir Guðmundur. – bdj

Landsliðið tapaði á Víðistaðatúni



Íslenska landsliðið í krikket tapaði fyrir Wessex Old Boys á Víðistaðatúni í Hafnarfirði í gær. Lið Wessex er það fyrsta til að vinna okkar menn á heimavelli frá árinu 2015. Íslenska liðið tapaði með 29 stigum, 152 gegn 181. Krikket á ekki djúpar rætur hér á landi þrátt fyrir að bent hafi verið á líkindi íþróttarinnar við knattleik sem leikinn var hér á landi á miðöldum. Landsliðið lék sinn fyrsta landsleik í fyrrasumar. FRÉTTABLAÐID/ERNIR

Bergmáli vel tekið í Sviss

MENNING Íslenska kvikmyndin Bergmál eftir Rúnar Rúnarsson var frumsýnd í gær á kvikmyndahátíðinni í Locarno í Sviss.

Rúnar segir viðbrögðin hafa verið ótrúleg og farið fram úr björtustu vonum. „Það eru frábærir listamenn og fagfólk sem kom að gerð Bergmáls. Þessi viðbrögð eru heiður fyrir okkur öll og viðurkenning fyrir íslenska kvikmyndagerð,“ segir Rúnar.

Í myndinni eru sagðar örsögur úr samtímanum sem mynda samtímaspegil frá Íslandi. Þær byrja í aðdraganda jóla og enda á nýársdag.

Lilja Ósk Snorradóttir, framleiðandi hjá Pegasus, segir að hátt í þrjú þúsund manna aðalsalur hátíðarinnar hafi verið fullur og að gestir hafi fagnað með dynjandi lófataki. Hún segir það vera mikinn heiður fyrir þá sem standa að myndinni.

Bergmál fer í almennar sýningar fyrir komandi jól. – ab

Óttast stanslaust gelt og óþrif af hundagerði

Bylgja mótmæla reis vegna áförmála Kópavogsbæjar um hundagerði í Fossvogsdal. Alls skrifuðu 183 undir mótmælaskjöl, þar af sex Reykjavíkurmegin í dalnum. Meginagagnrýnin lýtur að ónæði, óþrifnaði og aukinni bílaumferð.

DÝRAHALD „Við getum átt von á stanslaust geltandi hundum allan sólarhringinn,“ segir í einu mótmælalibréfi vegna áförmála Kópavogsbæ um að setja upp hundagerði í Fossvogsdal neðan íbúagötunnar Álfatúns og ofan Fossvogsskóla.

Eins og kom fram í Fréttablaðinu síðastliðinn þriðjudag hættu bæjaryfirvöld í Kópavogi við að koma fyrir hundagerði með tíu bílastæðum á umræddum stað vegna athugasemda íbúa í dalnum við tillöguna. Finna á nýjan stað fyrir gerðið.

Alls skrifa 183 undir mótmælaskjöl. Þar af eru flestir í Álfatúni. Eitt mótmælalibréfi barst frá íbúum í Haðalandi sem er Reykjavíkurmegin í Fossvogsdal. Meginstefin í athugasemdunum eru ónæði vegna aukinnar umferðar og ónæði vegna hávaða og óþrifnaðar frá hundunum sjálfum. Miðað við gagnrýni íbúanna myndi litlu breyta þótt hundasvæðinu yrði valinn staður annar staðar í dalnum

„Við mótmælum öll,“ segir í samþykkt húsfélagsins Álfatún 17-25. „Við ætlumst til að bæjaryfirvöld finni slíkri hundagerðingunni annan stað en á hlaðvarpanum okkar eða annarra íbúa bæjarins.“ Því sé annmælt að nokkrir íbúar beri hitann og þungann af sérstöku hundasvæði með tilheyrandi ónæði og óþrifnaði.

Þrenn hjón við Haðaland segja í sínu bréfi að ljóst sé að umferð að hundagerðinu muni að miklu leyti verða um Haðaland að bílastæðum við Fossvogsskóla. Hundgá muni valda ónæði og óþrifnaðar og smit-sjúkdómahætta fylgja. „Hundagerðið mun því þjóna litlum hluta íbúa en verða mörgum til ama,“ segja



Hundagerðinu var ætlaður staður rétt ofan við Fossvogsskóla, þar sem stigar mætast og byggðin er hvað þéttust í Fossvogsdal. FRÉTTABLAÐID/ERNIR

Hundagerðið mun þjóna litlum hluta íbúa en verða mörgum til ama.

Íbúar í Haðalandi

ég vil mótmæla þessum aðgerðum er sóðaskapurinn og lætin sem stafa af hundum og ég kæri mig ekki um að búa hér við stanslaust gelt og köll allan sólarhringinn,“ segir þessi íbúi.

„Gildi Fossvogsdalsins sem úti-vistarsvæðis fyrir börn minnkar og sömuleiðis torveldar það aðgengi hjólreiðamanna og gangandi vegfarenda um Dalinn þar sem aðal-samgöngukerfi Dalsins – göngu-stígakerfi – verður rofið með hundagerðinu svo tilheyrandi sveigjur og beygjur koma til og skerða lífsgæði íbúa við Dalinn,“ segir í einu bréfanna sem barst í mörgum eintökum og fjölmargir undirrita. gar@frettabladid.is

Fyrir sultugerðina



98 kr./stk.

Koop Sultukrukka
Gler, 370 ml


BONUS

EKKERT BRUÐL



TOYOTA

ALWAYS A
BETTER WAY



AYGO

KOMASO



VERTU Í SAMBANDI MEÐ SNJALLARI AYGO

Verð frá: 1.960.000 kr.

AYGO státar af glæsilegu útliti og enn betra rými að innan og beinni tengingu við snjallsímann þinn svo að þú njótir ferðarinnar enn betur.

2 ára þjónustupakki fylgir með nýjum Aygo, viðskiptavinum að kostnaðarlausu. Nú er 7 ára ábyrgð á öllum nýjum Toyota bifreiðum.




Toyota Kaupúni
Kaupúni 6

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19

Toyota Selfossi
Fossnesi 14



FRÉTTABLAÐIÐ IS

1 „Zara Larsson og hljómsveit héldu veislu fyrir Sheeran“

Zara Larsson og hljómsveitarmeðlimir hennar héldu veislu fyrir Ed Sheeran.

2 „Miley og Liam skilin innan við ári frá brúðkaupinu“

Miley Cyrus og Liam Hemsworth eru skilin en minna en ár er síðan þau giftu sig.

3 „Röðin í Sheeran-búðina nær yfir alla Kringluna“

Gríðarlega löng röð hefur myndast úr Ed Sheeran-búðinni.

4 „Aðdáendur Sheeran misstu sig: „Hlakkaði mest til þessa“

Það ætlaði allt um koll að keyra þegar rauðhærða sjarmatröllið Ed Sheeran birtist loksins á sviðinu.

5 „Þúsund þurft að flýja vegna skógarelda á Kanaríeyjum“

Þúsund heimamenn á Kanaríeyjum hafa þurft að yfirgefa heimili sín vegna skógarelda.

Allar nýjustu fréttir og blað dagsins eru fánleg á www.frettabladid.is

Skiljanlegt að fara í baklás

SKIPULAGSMÁL Bygðarráð Rangárþings eystra hefur ítrekað athugasemdir vegna áforma stjórnvalda um stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu.

Bygðarráðið vitnar í fyrri bókun þar sem minnt var á að nefnd sem umhverfis- og auðlindaráðherra skipaði vorið 2018 hafi verið að vinna að því hvernig eigi að stofna miðhálandisþjóðgarð yfirleitt. „Svo virðist sem gleymst hafi að velja því fyrir sér hvort það ætti að fara í þá vegferð,“ segir bygðarráðið. Borið hafi á því að sveitarfélög séu neikvæð:

„Það er vel skiljanlegt á margan hátt og eðlilegt að sveitarfélög fari í baklás þegar þverpólitísk nefnd er byrjuð að vinna að skipulagsmálum sveitarfélaga til dæmis með að ákvarða mörk nýs þjóðgarðs, aðkomuleiðir, áningarstaði og uppbyggingu. Það er og á að vera hlutverk sveitarfélaganna.“ – gar

Bregðast þarf við fjölgun kínverskra ferðamanna

Miðað við samnorræna rannsókn má búast við tvöföldun kínverskra ferðamanna á Norðurlöndunum á árunum 2017 til 2022 og þykir Ísland eftirsóknarverður áfangastaður allt árið um kring. Skortur er á kínversku mælandi leiðsögumönnum og bæta þarf innviði til að takast á við þetta að sögn framkvæmdastjóra SAF.

FERÐAÞJÓNUSTA Íslandsstofa kom að markhópagreiningu í Kína á síðasta ári í samstarfi við hin Norðurlöndin. Að sögn Daða Guðjónssonar, verkefnisstjóra viðskiptaþróunar, var markmiðið að kanna tækifærin og sjá sameiginlega hagsmuni sem nýta mætti í markaðsrannsókn. Hvernig hægt væri að fjölga kínverskum ferðamönnum með sjálfbærum hætti, auka dreifingu þeirra og minnka árstíðasveiflu. Samkvæmt rannsókninni kom fram að áætlaður fjöldi gistinátta Kínverja myndi aukast úr 1,7 milljónum árið 2017 í 3,42 milljónir árið 2022 á öllum Norðurlöndum. Sem sagt tvöfaldast á aðeins fimm árum. En undanfarin ár hefur hlutdeild Kínverja verið nokkuð stöðug.

„Í rannsókninni kemur fram að Ísland þygi eftirsóknarverður áfangastaður hjá kínverskum „HiSpFITs“ ferðamönnum (High Spending Free Individual Travellers) bæði að sumri og vetri,“ segir Daði.

Unnið er að langtímastefnu stjórnvalda og atvinnulífs fyrir íslenskan útflutning, þar sem haldnar hafa verið 13 vinnustofur og 300 manns komið að. Nefna fyrirtæki í ferðaþjónustu Kína sérstaklega sem land þar sem vaxtartækifærin eru mikil.

Kínversk fyrirtæki horfa í sífellt meiri mæli til Íslands í tengslum við ferðamennsku. Nefna má að nýlega keypti Vincent Tan í Icelandair Hotels og þá hefur flugfélagið Tianjin Airlines í hyggju að fljúga til Íslands.

Jóhannes Þór Skúlason, framkvæmdastjóri Samtaka ferða-



Kínverjar eru vanir að greiða með símaforritum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI.

3,42

milljónir gistinátta. Samkvæmt samnorrænni rannsókn er áætlað að gistinóttum kínverskra ferðamanna fjölgi úr 1,7 milljón í 3,42 árin 2017 til 2022.

þjónustunnar, segir að ferðaþjónustufyrirtæki horfi til menningarmunarins á milli Kína og vestrænna ríkja. Kínverjar eru til dæmis vanir því að borga með

greiðslulausnum í síma, svo sem Alipay og WeChat. Þá eru þeir vanir að fá litlar gjafir með því sem þeir kaupa, til þess að gefa stórfjölskyldunni heima. Einnig kjósa þeir sjálfsafgreiðslu á hótélum í meiri mæli en til dæmis Bandaríkjamenn sem vilja persónulegri þjónustu.

Eitt helsta vandamálið að mati Jóhannesar, hvað varðar fjölgun kínverskra ferðamanna, er skortur á leiðsögumönnum sem eru mælandi á kínversku.

„Því miður er enn of mikið um að kínverskir hópar séu að koma hingað með leiðsögumenn sem eru ekki skráðir og í rauninni að brjóta reglur. Einnig að bílar séu leigðir og

Tianjin Airlines

Tianjin Airlines var stofnað árið 2004 og er í eigu Hainan Airlines Group.

Félagið rekur 96 flugvélar af gerðinni Airbus og Embraer. Meðalaldur þeirra er 5,7 ár. Móðurfélagið Hainan Airlines Group á um 17 flugfélög, þar á meðal Hong Kong Airlines með 44 vélar, Capital Airlines með 87 vélar og China West Air með 35. Eitt nýtt félag, Hubei Airlines, mun hefja rekstur í ár.

Alls eru flugfélög í eigu HAG með 677 flugvélar og 30 í þöntun. Hainan Airlines Group á 25% hlut í Hilton Worldwide og var í 170. sæti Fortune Global 500 listans árið 2017. Velta félagsins eru 53,335 milljarðar dollara.

keyrt sé um með hópa án tilskilinn leyfa,“ segir hann.

Þá hafa kínverskir ferðamenn lent í fjölmörgum alvarlegum slysum á undanförunum árum. Með samstilltu átaki og upplýsingagjöf horfi þau mál nú til betri vegar. Jóhannes bendir á að of lítið sé af gjörgæslurýmum á íslenskum sjúkrastofnunum til að takast á við slys, sem því miður hafi gjarnan verið í þessum hópi. „Okkur er ekkert að vanbúnaði að takast á við fjölgun þessa hóps, rétt eins og annarra, en við verðum þá að horfa heildrænt á stöðuna og byggja upp innviðina í samræmi við það.“

kristinnhaukur@frettabladid.is

Enginn dómari skipaður enn í máli flugmannsekkju

DÓMSMÁL Enn hefur ekki verið skipaður dómari í máli ekkju Kanadamannsins sem forst í flugslysi í Barkárdal gegn flugmanninum og tryggingafélaginu Sjóvá.

Roslyn Wagstaff er ekkja ferjuflugmannsins Grants Wagstaff sem lét lífið þegar flugvél í eigu Arngríms Jóhannssonar brotlenti í Barkárdal í Eyjafirði 9. ágúst 2015, eða fyrir fjórum árum. Arngrímur flaug vélinni sem var á leið frá Akureyri til Kefla-



Roslyn Wagstaff, ekkja Grants Wagstaff.

vikur. Hann hafði ráðið Grant til að ferja vélina síðan vestur um haf.

Sjóvá sem tryggði flugvél Arngríms neitar að greiða ekkjunn bætur. Mál sem hún höfðar gegn Sjóvá og Arngrími var þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur 27. júní síðastliðinn. Ekki liggur fyrir hvernær málið verður á dagskrá dómsins enda hefur enn ekki verið útnefndur dómari í því samkvæmt upplýsingum úr dómshúsinu.

Eins og fram hefur komið í Fréttablaðinu hyggst dóttir Grants Wagstaff, Sarah, einnig höfða mál á eigin spýtur ásamt tveimur systkinum sínum. Hefur hún óskað eftir því að fá gjafsókn í málinu líkt og móðir hennar mun hafa fengið. Einnig hefur Sarah efnt til hópþjármögnunar á vefsíðunni gofundme.com fyrir kostnaði vegna málsins. Síðast þegar fréttist höfðu safnast 1.250 dalir, jafnvirði 154 þúsund króna. – gar

FIAT ATVINNUNUBÍLAR



FIAT DUCATO

Verð frá 4.024.194 án vsk.
4.990.000 m/vsk.

FIAT TALENTO L2H1

Verð frá 3.298.387 án vsk.
4.090.000 m/vsk.

FIAT DOBLO

Verð frá 2.225.806 án vsk.
2.760.000 m/vsk.

FIAT FIORINO

Verð frá 1.854.032 án vsk.
2.299.000 m/vsk.



UMBOÐSÁÐILI FIAT Á ÍSLANDI • ÍSLENSK-BANDARÍSKA • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR • S. 534 4433
WWW.FIATPROFESSIONAL.IS • WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LAUGARDAGA 12-16



ALLAR SKÓLATÖSKUR 25% AFSLÁTTUR

SÍÐASTI DAGURINN!

DENMARK
JEVA
SINCE 1988



Bakpoki (16 - 21L)
TILBOÐSVERÐ: 15.149.-
Verð áður: 20.199.-

PULSE



Bakpoki 2 in 1 (19L)
TILBOÐSVERÐ: 12.749.-
Verð áður: 16.999.-

PULSE



Bakpoki Biocolor (19L)
TILBOÐSVERÐ: 6.749.-
Verð áður: 8.999.-

PULSE



Bakpoki (19L)
TILBOÐSVERÐ: 7.499.-
Verð áður: 9.999.-

PULSE



Bakpoki Element (19L)
TILBOÐSVERÐ: 7.499.-
Verð áður: 9.999.-

Beckmann



Bakpoki (22L)
TILBOÐSVERÐ: 15.149.-
Verð áður: 20.199.-

Beckmann



TILBOÐSVERÐ:
9.999.-
Verð áður:
20.199.-

Bakpoki (30L)

Beckmann



Bakpoki Urban (19L)
TILBOÐSVERÐ: 15.149.-
Verð áður: 20.199.-

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4
Ísafirði - Hafnarstræti 2

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Reykjanesbæ - Krossmóa 4
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2

Álfabakka 14b, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind
Húsavík - Garðarsbraut 9

PENNINN

Eymundsson


540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruval er mismunandi eftir verslunum. Tilboð gildir til og með 12. ágúst. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.



VIKU TAX FREE

Allar vörur á taxfree tilboði*



Ekki nóg að umbera hinsegin starfsfólk

Richard Taylor, varaforseti mannauðsdeildar Nasdaq kauphallarinnar, verður aðalræðumaður á viðburði Hinsegin daga í Þjóðminjasafninu. Hann segir mikilvægt fyrir fyrirtæki að gera vinnustaðinn aðlaðandi fyrir hinsegin fólk.

SAMFÉLAG Richard er fimmtugur að aldri og starfaði lengi í tæknigeiranum í Silikondalnum. Á síðasta ári færði hann sig um set til Nasdaq í New York ásamt eiginmanni sínum. Hann er nú varaforseti mannauðsmála og að eigin sögn sér hann um allt sem lýtur að jákvæðum og upplifandi þáttum vinnustaðarins.

„Stór hluti af mínum störfum snýst um að öllum starfsmönnum finnst þeir vera samþykktir og velkomnir á vinnustaðnum. Um þetta mun ég ræða á Hinsegin dögum í Reykjavík,“ segir Richard.

Richard hefur séð miklar breytingar á undanförunum árum hvað varðar meðvitund fyrirtækja um líðan hinsegin starfsmanna. Lengi vel voru mörg fyrirtæki með þá stefnu að umbera samkynhneigða og aðra minnihlutahópa, án þess að gera nokkuð meira. Hann segir það alls ekki vera nóg.

„Fyrirtæki eru að átta sig á því að þetta skiptir máli, bæði gagnvart starfsfólki og viðskiptavinum. Ef fyrirtæki vill vera talið framsækið þarf það að bjóða alla velkomna. Starfsfólk er eins og neytendur og hefur valkosti um vinnustað. Þetta þekki ég vel í mannauðsdeildinni því við erum alltaf í samkeppni um starfsfólk,“ segir hann.

Aðspurður segist Richard merkja nokkurn mun á fyrirtækjum eftir því hvaða geira þau starfa í.

„Mér skilst að íhaldssemi sé meira ríkjandi í sumum fyrirtækjum, til dæmis í olíu, gasi og varnarmálum. Framsæknin er meiri í tæknigeiranum, fjármálaheiminum og fjölmiðlum.“

Á fundinum á morgun verður kynnt könnun sem Hinsegin dagar gerðu í sumar. Um er að ræða netkönnun sem 355 manns tóku þátt í. Þrátt fyrir að vera óvísindaleg þá segir Gunnlaugur Bragi Björnsson, formaður

Starfsfólk er eins og neytendur og hefur valkosti um vinnustað.

Þetta þekki ég vel í mannauðsdeildinni því við erum alltaf í samkeppni um starfsfólk.

Richard Taylor, varaforseti mannauðsdeildar Nasdaq kauphallarinnar



Við teljum könnunina gefa ákveðna vísbendingu um stöðuna og vonandi ákveðinn hvata til að málin verði rædd og rannsökuð frekar.

Gunnlaugur Bragi Björnsson, formaður Hinsegin daga.



Hinsegin daga, að niðurstöðurnar gefi vísbendingar um upplifun hinsegin fólks á Íslandi. „Við teljum könnunina gefa ákveðna vísbendingu um stöðuna og vonandi ákveðinn hvata til að málin verði rædd og rannsökuð frekar,“ segir Gunnlaugur Bragi.

Fram kemur í niðurstöðunum að 5 prósent reyna að leyfa hinseginleika sínum á vinnustað sínum og 9 prósent segja að það hafi aldrei komið til tals. 12 prósent segja að aðeins nokkrir nánir samstarfsaðilar viti af því. Þrír af hverjum fjórum

segja alla eða nánast alla samstarfsmenn sína vita af því.

Rúmur þriðjungur hefur upplifað nærgöngular spurningar frá samstarfsfólki eða stjórnendum, um er að ræða spurningar tengdar kynlífi, kynfærum eða hjúskaparstöðu. 39 prósent hafa heyrt óviðeigandi sögur, brandara eða yfirlýsingar frá samstarfsfólki sem lýsa fordómum í garð hinsegin fólks. Þá kannast 32 prósent við að hafa fengið athugasemdir frá samstarfsfólki um hvað þau séu venjuleg þrátt fyrir að vera hinsegin.

Richard segir margt sem fyrirtæki geti gert til að bæta þessi mál, stór og smá, og þau kosti ekki alltaf mikla peninga. „Hjá Nasdaq hefur stjórnarformaðurinn stigið fram og talað fyrir þessum málstað. Við höfum aðstoðað starfsfólk við að tilkynna öðrum að það sé hinsegin. Þá höfum við einnig komið upp tengslaneti fyrir ýmsa hópa, til dæmis hinsegin fólk. En þar er ekki aðeins hinsegin starfsfólk, heldur einnig bandamenn þeirra.“

Yfirskrift fyrirlestursins er einmitt „Mikilvægi bandamanna“ (The Importance of Allies). Bandamenn eru samkvæmt Richard þeir sem ekki tilheyra ákveðnum minnihlutahópi en eru samt tilbúnir til þess að tala fyrir réttindum hans.

„Ég tók nýlega þátt í gleðigöngunni í Amsterdam þar sem um milljón manns var samankomin. Flest eru ekki hinsegin fólk en þau eru bandamenn sem gera minnihlutahópum kleift að ná árangri í baráttunni,“ segir Richard.

Varðandi það hvernig eigi að leiða breytingar af þessu tagi í gegn segir Richard skipanir að ofan ekki réttu leiðina. Betra sé að sannfæra fólk með mýkt, staðfestu og rökum. „Við sýnum fólki að þetta virkar, hefur góð áhrif á viðskiptin og samfélagið í heild.“ kristinnhaukur@frettabladid.is

FBI rannsakar sjálfsvíg Epsteins

BANDARÍKIN Bandaríska alríkislögreglan, FBI, hefur hafið formlega rannsókn á því hvernig bandaríska milljarðamæringnum Jeffrey Epstein tókst að svipta sig lífi í klefa sínum þrátt fyrir að eiga að hafa verið vaktaður sérstaklega. Epstein fannst látinn í klefa sínum í gær.

Epstein var handtekinn snemma í júlí vegna gruns um að hafa haft fjölda ungra kvenna í kynlífsþrælkun um árabil.



Jeffrey Epstein.

Hann átti valdamikla vini og leikur grunur á um hann hafi veitt mörgum þeirra aðgang að stúlkunum sem hann hélt í kynlífsánaud. Hann hlaut þrettán mánaða dóm.

Aðeins örfáum dögum fyrir andlát Epsteins kom fangavörður að honum meðvitundarlausum í fangaklefa hans með áverka á hálsi. Í kjölfarið var sett um hann sérstök sjálfsvígsvakt vegna þess að talið var að hann gæti reynt að fyrirfara sér í fangelsinu. – ókp



Bjarni og Sigmundur sátu í ríkisstjórn 2013 til 2016. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Tókust á um þriðja orkupakkann

STJÓRN MÁL Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, segir engan trúverðuleika að baki fullyrðingum Miðflokksmanna um þriðja orkupakkann. Á opnum fundi í Valhöll sagði Bjarni að hann gerði ekki lítið úr áhyggjum flokksmanna af málinu, en jafnframt að orkupakkinn væri ekki afsal hagsmuna Íslands til Evrópusambandsins. Skaut hann svo föstum skotum á Sigmund Davíð Gunnlaugsson, formann Miðflokksins, og Gunnar Braga Sveinsson varaformann. Þeir hafi setið í ráðuneytinum þegar málið var þar á borði.

Á Facebook lýsti Sigmundur Davíð yfir vonbrigðum með málflutning Bjarna og að hann hafi

ekki boðað nýja stefnu. Segir hann málið ekki hafa heyrt undir sig. „Málið heyrði hins vegar undir ráðherra Sjálfstæðisflokksins en ekki ætla ég að gagnrýna þann góða ráðherra enda innleiddi hann ekki orkupakkann,“ sagði Sigmundur Davíð.

Bjarni segir að stjórnarmeirihluti Framsóknar og Sjálfstæðisflokks hafi verið sammála um málið á sínum tíma. „Það er því rík innistæða fyrir því að segja þá tvo hafa algerlega skipt um skoðun í málinu og blekking eða í besta falli útrúningur þegar Sigmundur Davíð segir í dag: „en við innleiddum hann ekki,“ sagði Bjarni í svari til Sigmundar. – ab



ÚTSALA

20-60% AFSLÁTTUR



CORINNA

**30%
AFSLÁTTUR**

5 SVÆDASKIPT POKAGORMAKERFI,
STEYPTIR KANNTAR, EINSTÖK ADLÖGUN,
MJÖG GÓÐ ÞYNGDARREIFING

140X200 CM

ÚTSÖLUVERÐ
79.297 KR.
AFSLÁTTUR 113.282 KR.

160X200 CM

ÚTSÖLUVERÐ
100.125 KR.
AFSLÁTTUR 143.036 KR.

180X200 CM

ÚTSÖLUVERÐ
124.537 KR.
AFSLÁTTUR 177.537 KR.

STÓLAR OG SÓFAR Á
**30-60%
AFSLÆTTI**

**30-40%
AFSLÁTTUR**
AF KING KOIL RÚMUM



DAISY

SVÆDASKIPT, STYRKTIR KANNTAR

**35%
AFSLÁTTUR**

160X200 CM

ÚTSÖLUVERÐ
71.721 KR.
AFSLÁTTUR 110.340 KR.

180X200 CM

ÚTSÖLUVERÐ
96.371 KR.
AFSLÁTTUR 148.181 KR.

Bjóðum
**12 mánaða
vaxtalaus
kreditkortalán.**

rekkjan
HEILSURÚM

+PLÚS



Fjöldmenni á Ed Sheeran

Hátt í fimmtíu þúsund manns hlýddu á enska tónlistarmanninn Ed Sheeran á Laugardalsvelli um helgina. Myndir Ernís Eyjólfssonar, ljósmyndara Fréttablaðsins, tala sínu máli um stemninguna.



+PLÚS



Lýðræði allra



Davíð Stefánsson

david@frettabladid.is

Það voru orð að sönnu hjá Sigurði Inga Jóhannssyni, ráðherra sveitarstjórnarmála, þegar hann í grein hér í blaðinu sagði sveitarfélögin gegna þýðingarmiklu hlutverki fyrir stjórnskipan landsins og lýðræði. Nýrri þingsályktun er ætlað að marka heildarstefnu um sveitarstjórnarstig.

Sigurður Ingi sagði að sameina þurfi sveitarfélög til betri þjónustu. Í bígærd eru umbætur í opinberri stjórnsýslu til að efla sveitarstjórnarstig sem á að vera öflugur og sjálfbær vettvangur lýðræðislegrar starfsemi, sjálfstjórn og ábyrgð sveitarfélaga sé virt og að sem jöfnust réttindi og aðgengi íbúa að þjónustu séu tryggð.

Undir áherslu á lýðræði tókum við flest. Lýðræðislega starfsemi sveitarfélaga er mjög mikilvæg. Þrátt fyrir það fór litið fyrir nýlegri tilkynningu frá Hagstofunni um kosningabátttöku í síðustu sveitarstjórnarkosningum. Þar kom fram að kjörsókn þeirra sem höfðu íslenskt ríkisfang hafi verið um 69,7 prósent.

Auk Íslendinga eiga kosningarétt norrænir ríkisborgarar sem átt hafa lögheimili hér á landi í þrjú ár samfellt fyrir kjördag. Sama gildir um aðra erlenda ríkisborgara sem átt hafa lögheimili hér á landi í fimm ár samfellt fyrir kjördag, hafi þeir náð 18 ára aldri á kjördag og eigi skráð lögheimili í viðkomandi sveitarfélagi þremur vikum fyrir kjördag.

Í síðustu sveitarstjórnarkosningum voru 11.680 erlendir ríkisborgarar með kosningarétt hér á landi. Þar af voru 989 frá öðrum Norðurlöndum og 10.691 frá öðrum ríkjum.

Það er sláandi að sjá að einungis 2.151 erlendir ríkisborgari hafi nýtt kosningaréttinn. Kosningabátttaka norrænna ríkisborgara var 51,4 prósent og annarra erlendra ríkisborgara 15,3 prósent. Til að bæta gráu ofan á svart er í þessum hópi helmingi minni kjörsókn hjá aldurshópi 18-29 ára en hjá 40 ára og eldri.

Mögulegar ástæður fyrir þessari litlu þátttöku gætu verið tungumálaörðugleikar, skortur á upplýsingum eða efasemdir sem eiga rætur í upplifun kosninga í heimalandinu vegna spillingar eða annarra þátta.

Efalítið segja einhverjir að litil þátttaka sé eðlileg því menn ætli að staldra stutt við. En fimm ár eða meira eru talsverð dvöl. Margt þessa fólks hefur dvalið langdvölum hér án þess að nýta kosningaréttinn.

Þessi litla kosningabátttaka er vondar fréttir fyrir lýðræðislegt samfélag. Það að einungis 15,3 prósent erlendra ríkisborgara kjósi er óæskilegt.

Sístækkandi hóp innflytjenda í íslensku samfélagi verður að virkja betur. Virk þátttaka borgara úr öllum hópum samfélagsins óháð uppruna og efnahag ýtir undir frelsi og sjálfstraust, eflir viðhorf og áhrif. Það að hafa sem fæsta afskipta í samfélaginu gerir það sterkara og betra.

Næstu sveitarstjórnarkosningar verða 28. maí 2022. Þessir riflega 1.000 dagar ættu að vera nægur tími fyrir ráðamenn sveitarfélaga til að huga að aðgerðum til aukinnar kosningabátttöku allra. Koma svo!

Halldór



Virk þátttaka borgara úr öllum hópum samfélagsins óháð uppruna og efnahag ýtir undir frelsi og sjálfstraust, eflir viðhorf og áhrif.

Frá degi til dags

Röðin

Mál málanna liðna helgi var án efa röðin langa á Ed Sheeran sem teygði sig á laugardagskvöldinu alla leið frá Laugardalsvelli að Glæsibæ. Nú hafa þeir sem farið hafa á knattspyrnuleiki erlendis upplifað að arka inn á völl ásamt allt að 50 þúsund öðrum án þess að þurfa að biða lengi. Um er að ræða skipulag sem Rómverjar þekktu þegar þeir byggðu Kólóseum. Vissulega er ekki aðeins skipuleggjendum tónleikanna um að kenna, en eins og Þorsteinn Viglundsson, tónleikagestur og þingmaður, benti á þá verður röðin upphaf ótal samræðna næstu mánaða og mögulega uppistaðan í næsta Áramótaskaupi.

Bætt í vopnabúrið

Að öðru sem verður líka í Skaupinu. Það bendir allt til þess að Miðflokkurinn sé að gera sig líklegan til að hrifsa til sín fylgi af Sjálfstæðisflokknum og Framsóknarflokknum. Miðflokkurinn er búinn að hafa allt sumarið til að stilla saman strengi og verður vopnaður meiru en þriðja orkupakkanum. Formaður Framsóknarflokksins tilkynnti að hann væri að skoða lagasetningu sem myndi fækka sveitarfélögum. Allar breytingar leggjast illa í iðaldsmenn eðli málsins samkvæmt og má því gera sterklega ráð fyrir að sameining sveitarfélaga endi í vopnabúri Miðflokksmanna. arib@frettabladid.is

Lágmörkum kolefnissporin



Guðrún Hafsteinsdóttir formaður Samtaka iðnaðarins

Í sumar hef ég notið þess að hann Kristmundur garðyrkjubóndi, sem er með sína framleiðslu nánast á móti mínu húsi, setti upp verslun á sínum afurðum úti á götu. Oft á dag fyllir hann skápinn af nýttindum jarðarberjum sem eru algjörlega himnesk á bragðið. Þetta uppátæki Kristmundar hefur gert það að verkum að ég hef innbyrt ómælt magn af jarðarberjum í sumar með sannarlega góðri samvisku. Það má með sanni segja að verslunarhættirnar verði varla umhverfisvænni en þetta. Berin göðu eru ræktuð við hin bestu skilyrði, vökvuð með hreinu íslensku vatni og gróðurhúsin hituð með sjálfbærri orku sem kraumar undir okkur öllum sem í Hveragerði búum. Og hann Mundi minn er hvorki að flækja hlutina né að vantreysta náunganum því ég set seðil í bauk eða millifæri á staðnum inn á reikning. Þetta er með öðrum orðum sjálfsafgreiðslustöð eins og hún gerist best!

Eins og áður sagði neyti ég dásemdanna með góðri samvisku enda finnst mér framlag mitt með ágætum. Ég styð við íslenska framleiðslu, styð við atvinnu í mínu nærumhverfi og held kolefnissporinu í lágmarki. Það væri óskandi ef við hefðum þetta ávallt í öndvegi er við efnum til kaupa á ýmsum vörum. Fyrst og síðast eigum við að spyrja okkur að því hvort varan sé íslensk. Því við eigum að velja því fyrir okkur hvaðan vörurnar eru að koma sem við neytum og við hvaða skilyrði varan er framleidd. Því hverri einustu kaupákvörðun fylgir ábyrgð og við höfum val. Nýlega ætlaði ég að kaupa lambakótelettur úr kjötbörði en hætti snarlega við er ég sá að þær voru frá Nýja-Sjálandi. Nú er þetta örugglega ágætt kjöt en það er samt eitthvað rangt við það að hér í landi sauðkindarinnar skulum við flytja með ærnum tilkostnaði lambakjöt til landsins frá einu fjarlægasta landi sem við getum fundið! Styðjum hvert við annað og stuðlum að því að blómleg atvinnustarfsemi blómstri hér á landi hvort sem það eru matvæli, húsgögn, þjónusta eða annað. Þannig höldum við kolefnissporinu í lágmarki því ég tólti þetta jafnvel bara á inniskónum!



Því við eigum að velja því fyrir okkur hvaðan vörurnar eru að koma sem við neytum og við hvaða skilyrði varan er framleidd.






Þjóðum upp á sjálfvirkan hurðaopnarbúnað, hurðir og gluggakerfi ásamt uppsetningu og viðhaldi á búnaði.

Áratuga reynsla.



Járn & Gler ehf. • Skútuvogur 1h. Barkarvogsmegin
104 Reykjavík • S. 58 58 900 • www.jarnkler.is

Að færa björg í bú allt árið um kring



Jóhannes Þór Skúlason
framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar



Við viljum losa ferðaþjónustuna, og þar með samfélagið, úr klóm sumarvertíðarinnar þannig að hún sé stöðug atvinnugrein allt árið, um allt landið.

Nú stendur yfir háðönn ferðaþjónustunnar á Íslandi – við erum á vertíð. Og eins og við þekkjum snýst vertíð um að koma sem mestum verðmætum í hús á meðan gefur, því að vertíðin endist ekki árið um kring. Vertíðarmánuðir standa undir verðmætisköpuninni sem gerir okkur kleift að þreya aðra mánuði ársins.

Undanfarin tíu ár hefur verið unnið að því að lengja vertíðina og fækka mögru mánuðunum, og einnig að dreifa verðmætisköpuninni víðar til að góðinn ná til allra svæða landsins. Betri árangur hefur náðst í því fyrra en seinna. Ein afleiðing niðursveiflunnar nú er að árangurinn gengur til baka á báðum sviðum. Háðönn stýttist og ferðamenn fara ekki eins vítt um landið. Hvort tveggja gengur þvert á markmið og stefnu í ferðaþjónustu á Íslandi.

Sjálfbær ferðaþjónusta

Sú framtíðarsýn og leiðarljós fyrir ferðaþjónustu til 2030 sem stjórnvöld hafa nú birt er mikilvægur grunnur að nánari stefnumótun um atvinnugreinina til framtíðar. Þar er horft til markmiða eins og þeirra sem nefnd eru hér að ofan og þau sett í samhengi við aðra þætti sem þurfa að vinna saman til að ferðaþjónustan verði áfram sá drifkraftur atvinnulífs og uppbyggingar sem við viljum að hún sé. Framtíðarsýnin er sjálfbær ferðaþjónusta hvort sem litíð er til efnahagslegra, samfélagslegra eða umhverfislegra þátta. Það er skýrt leiðarljós sem gefur tóninn fyrir þá vinnu sem fram undan er, og sýnir fram á vilja stjórnvalda til að taka affestu á þeim verkefnum sem liggja fyrir til uppbyggingar. Og að mörgu þarf sannarlega að huga.

Aukin eftirspurn frá Kína

Að undanförunu hefur verið benti á að ferðamönnum frá Kína hefur fjölgað hratt undanfarin ár – eru t.d. um 12% fleiri í ár en í fyrra, og að margt bendi til þess að sú eftirspurn aukist enn hraðar á næstu árum. Nýleg fjárfesting Vincents Tan í Icelandair Hotels og yfirlýstur áhugi hans á aukinni markaðssetningu Íslands í Asíu er eitt dæmi. Fréttir af áhuga kínversks

flugfélags á lendingartímum á Keflavíkflugvelli annað. Aukið flugframboð í samspili við aukna markaðssetningu getur auðvitað ýtt ferðamannatöllum frá viðkomandi markaðssvæði hratt upp, vinni það saman til að skapa eftirspurn og áhuga á áfangastaðnum. Að þessu samspili þarf að huga varðandi öll kjarnamarkaðssvæði íslenskrar ferðaþjónustu til að stilla af markmið og árangur, í samræmi við framtíðarsýnina.

Framtíðarsýnin er skýr

Því hvort sem um er að ræða ferðamenn frá Kína eða öðrum markaðssvæðum er lykillinn að sjálfbærri ferðaþjónustu til framtíðar skynsamleg, rökrétt og fjármögnuð uppbygging innanlands og markaðssetning erlendis í samræmi við skýra stefnumótun. Ferðamönnum fjölgar á heimsvísu um 3-6% árlega og rökrétt er að áætla að fjölgun á Íslandi til lengri tíma verði í samhengi við það. Til að vera undir það búin þurfum við að byggja upp sterka innviði, faglegt atvinnulíf og gæðþjónustu. Við viljum losa ferðaþjónustuna, og þar með samfélagið, úr klóm sumarvertíðarinnar þannig að hún sé stöðug atvinnugrein allt árið, um allt landið. Atvinnuvegur sem er leiðandi í sjálfbærni, uppfyllir kröfur ferðamanna um gæði, þjónustu og einstaka upplifun, skilar stöðugum arði fyrir atvinnulíf og samfélagið, eykur lífsgæði heimamanna alls staðar á landinu og byggir á sjálfbærni jafnvægi verndar og nýtingar náttúruauðlinda. Arðbær atvinnugrein sem færir öllu samfélaginu björg í bú, allt árið, í sátt við land og þjóð.

Það er framtíðarsýnin. Það er verkefnið. Og til að klára það þarf afl og þor, bæði í stjórnmálum og atvinnulífi. Brettum upp ermar.

Lambakjötsöryggi

Í DAG



Guðmundur Steingrímsson

Nýverið stefndi hér á landi í æði yfirgripsmikla og djúpa krísu þegar upplýst var að lambahryggir væru mögulega að klárast í búðum og landið yrði þar með lambahryggjalaust. Það lá við að Alþingi yrði kallað saman og sett yrðu neyðarlög, gott ef ekki. Ég verð að játa að ég var ekki á meðal þeirra sem ruku út á götu á náttfötunum vegna þessara tíðinda. Hins vegar urðu þessar fréttir mér tilefni til að leiða hugann að undirliggjandi veruleika sem birtist mér sífellt fátíðlegri eftir því sem árin liðu: Hvað er málið með Ísland og lambakjöt? Af hverju í ósköpunum skiptir lambakjöt svona miklu máli?

Nú er ég ákaflega metnaðarfullur grillari og finnst fátt betra en grillað lambafillé, svo ekki sé talað um kótelettur. Ég tek líka stakka-skiptum andlega þegar ég skynja möguleika á því að komast í lambakótelettur í raspi. Ég myndi frekar standa í röð til að fá þær heldur en að komast inn á Ed Sheeran. Ég hef í alvörunni gert mér ferð á Kótelettuna á Selfossi, bæjarhátíðina, í þeirri von að verða mér úti um góðgætið, sem reyndar mistókst þá af einhverjum furðulegum ástæðum, en það er önnur saga. Ég er semsagt mikill aðdáandi lambakjöts. Og ég fíla lopapeysur líka.

Að þessu sögðu tel ég þó ríkt til efni til að láta þau orð falla, að mér finnst það skrítið, svo ekki sé meira sagt, að 5 milljarðar úr hinum sameiginlega sjóði landsmanna, af skatttekjum þjóðarinnar, fari árlega í styrki til að framleiða lambakjöt. Mér finnst það fátíðlegt. Þessi upphæð þýðir að hver fjögurra manna fjölskylda á Íslandi borgar, hvort sem hún vill það eða ekki, ríflega 50 þúsund krónur á ári í lambakjötsframleiðslu. Þar að auki er lambakjötsframleiðslan



Mér finnst það skrítið, svo ekki sé meira sagt, að 5 milljarðar úr hinum sameiginlega sjóði landsmanna, af skatttekjum þjóðarinnar, fari árlega í styrki til að framleiða lambakjöt.

vernduð með tollamúrum. Og þar að auki þarf fólk að kaupa kjötið í búð — borga meira — ef það langar í það.

Dýr sunnudagasteik

Þetta er asnalegur dill. Þegar ég sat á þingi hvarflaði stundum að mér að Alþingi væri fyrst og fremst þetta: Hagsmunagæslustofa bænda. Ég þori að veðja að um helmingur þingmanna myndi frekar stinga höfði í salerni en að andmæla styrkjum til bænda. Þegar búvörusamningar eru til umræðu leggjast þingmenn úr flestum flokkum á eitt við að koma svimandi háum upphæðum til skila í þetta tvennt: Framleiðsla á lambakjöti og framleiðsla á mjólk. Hvorugt telst í nútímasamfélagi, miðað við nýjstu þekkingu næringarfræðinnar, til nauðsynjavara. Grænmeti væri það frekar. Margir geta ekki einu sinni drukkið mjólk og mjög margir hafa engan smekk fyrir lambakjöti. Enginn þarf það. Ef lambakjöt hefur einhvern sérstakan sess, þá væri það sem sunnudagasteik. Lambakjötið er veisluvara. Þá blasir hin æpandi niðurstæða við, sem þarf að mínu mati að ræða af nokkurri alvöru: Íslenska ríkið ver 5 milljörðum á ári í framleiðslu á veisluvöru fyrir suma. Er það skynsamlegt?

Hoggið í stein

Það má leika sér að þessum tölum. Þetta eru 50 milljarðar á tíu árum. Hundrað milljarðar á 20 árum. Fyrir þann pening mætti bæta skólastarf, heilbrigðisþjónustu eða grípa til aðgerða í umhverfismálum, svo eitthvað sé nefnt. Ímyndum okkur að Ísland væri á núllpunkti. Við námum land í gær. Verið væri að ákveða í hvað skatt-




tekjur ættu að fara. Talað yrði um heilsugæslu, skóla, löggæslu og svo framvegis. Það má velta fyrir sér hvaða svipi sá maður fengi framan í sig sem myndi leggja fram þá til lögu að milljarðar yrðu settir í að framleiða lambakjöt. Yrði ekki bara þögn á fundinum? Allir gáttaðir? Hlé.

Ég held það. Það virðist hins vegar vera að þessi veruleiki hafi á mörgum áratugum skotið þannig rötum í tilvist þjóðarinnar að á hverju ári er þessum fjármunum einfaldlega varið í þetta án nokkurrar sérstakrar umhugsunar. Þetta virðist hoggið í stein. Verðtryggt. Svo rammt kveður að þessu að þegar talað er um helstu röksemdir fyrir fyrirkomulaginu í orðræðunni um matvælaöryggi, þá er því haganlega ýtt til hliðar að fiskur er líka matur. Íslendingar eru einhver mesta fiskveiðiþjóð í heimi, og það án ríkisstyrkja. Þegar kemur að matvælaöryggi hins vegar — ef landið myndi lokast — sýnist þingmönnum og hagsmunaaðilum það algjörlega ófært að hægt yrði að lifa á fiski. Við þyrftum alltaf kótelettur.

Ég endurtek: Ég elska kótelettur. Ég held líka að bændur séu flestir hið finasta fólk. En ég held að margir aðrir séu það líka. Og mér finnst líka margt konar annar matur góður, og drykkir. En ef það ætti að setja 5 milljarða á ári í allt sem er æðislegt yrði fljótt annað hrun. Að auki efast ég verulega um það að lambakjötsöryggi þjóðarinnar yrði ógnað verði styrkjum hætt. Ég held að fillé yrði áfram grillað á Íslandi. Nú keypt á uppsettu verði.

Markmið, árangur og áskoranir

Fundur með Má Guðmundssyni seðlabankastjóra



Mór Guðmundsson seðlabankastjóri kynnir þróun, stöðu og áskoranir í peninga- og efnahagsmálum við lok 10 ára skipunartíma hans á opnum fundum:



Ísafjörður,
mánudaginn 12. ágúst.

Stjórnsýsluhúsið á Ísafirði,
klukkan 20:00.

Fundarstjóri: Einar Kristinn
Guðfinnsson, fyrrverandi
ráðherra og forseti Alþingis.



Neskaupstaður,
miðvikudaginn 14. ágúst.

Egilsbúð, klukkan 20:00

Fundarstjóri: Smári Geirsson
kennari og fyrrum formaður
Sambands sveitarfélaga á
Austurlandi.



Akureyri,
þriðjudaginn 13. ágúst.

Hof, klukkan 17:00

Fundarstjóri: Valgerður
Sverrisdóttir, fyrrverandi
þingmaður og ráðherra.



Árborg,
mánudaginn 19. ágúst.

Hótel Selfoss, klukkan 12:00

Fundarstjóri: Guðni
Ágústsson, fyrrverandi
þingmaður og ráðherra.

SUMARLEIKUR FRÉTTABLAÐSINS



Samkvæmt fjölmiðlum á Englandi virðist sem þeir félagar séu nú lentir í miðri orrahríð milli tveggja gengja í Norður-London. Gengisins sem ætlaði að ræna þá féлага er nú leitað bæði aflögreglu og öðru gengi sem er ósatt við það fyrra. Eiginkona Kolasinacs, Jana, er sögð hafa flogið til Þýskalands og treysti sér ekki til að vera á Englandi meðan ástandið sé við suðumark.

Sagt er að gengið sem ætlaði að ræna þá féлага ætli ekki að bakka eitt né neitt, hafi hótað þeim félögum enn á ný og voru hótanirnar teknar svo alvarlega að Arsenal ákvað að skilja þá eftir í London fyrir leikinn gegn Newcastle. Í yfirlýsingu Arse-



Sead Kolasinac og Mesut Özil eru orðnir skotspónn gengja í Norður-London. NORDICPHOTOS/GETTY

» Samkvæmt fjölmiðlum á Englandi virðist sem þeir félagar séu nú lentir í miðri orrahríð milli tveggja gengja í Norður-London.

nal í aðdraganda leiksins var sagt að vegna öryggisástæðna hefðu þeir verið skildir eftir.

Tveir menn, Ferhat Ercan og Salaman Ekinci, birtust svo fyrir utan heimili Özils í gær og veittust að lífvörðum hans sem hringdu á lögregluna og voru mennirnir handteknir. Eru þeir ákærðir fyrir brot

á svokölluðum 4a lögunum samkvæmt BBC en undir þau lög falla hótanir og annað. Þeir eiga að mæta fyrir rétt í september.

Emery sagði eftir leikinn að hann vonaðist til að geta notast við þá féлага sem fyrst. „Félagið er að meta aðstæður og við vonumst til að þeir verði með okkur í næsta leik þó að

ég geti ekki fullyrt það,“ sagði hann á blaðamannafundi.

Fyrst var haldið að ræningjarnir hefðu aðeins viljað úrin þeirra og þetta hefði verið frekar klaufaleg árás en nú er að koma í ljós að ástandið er grafalvarlegt og síðustu fréttir af þessu máli hafa enn ekki verið sagðar. – bb

Beltone Trust™

Hlustaðu á hjartað þitt

Beltone Trust™ heyrnartækin gera þér kleift að heyra jafnvel minnstu smáatriði – sem stundum reynast þau mikilvægustu. Við hjá Heyrnarstöðinni leggjum allan okkar metnað í að veita góða þjónustu og bjóða upp á hágæða heyrnartæki. Komdu í ókeypis heyrnarmælingu og fáðu heyrnartæki lánuð til reynslu.

Kringlunni • Sími 568 7777 • heyra.is

HEYRNARSTÖÐIN



TÍMAMÓT



Fátt bendir til annars en að stríðsátök verði áfram hluti af mannkynssögunni. Genfarsáttmálunum er ætlað að draga úr hörmulegum afleiðingum stríðs fyrir almenning. NORDICPHOTOS/GETTY

Með mannúð að leiðarljósi

Sjötiú ár eru frá samþykkt Genfarsamninganna sem veita vernd í vopnuðum átökum og eru hornsteinninn í alþjóðlegum mannúðarrétti. Ótal mannlífum verið bjargað, aðstæður þúsunda stríðsfanga verið bættar og milljónir sundraðra fjölskyldna sameinaðar.

Í dag, 12. ágúst, eru liðin sjötiú ár frá samþykkt Genfarsamninganna fjögurra frá árinu 1949. Með samningunum, sem byggðir eru á fyrri Genfarsamningum og Haagsamningum sem veittu mönnum vernd í vopnuðum átökum, urðu þáttaskil í framþróun mannúðarlaga. Þeir eru hornsteinninn í alþjóðlegum mannúðarrétti og með mikilvægustu lagabálkum á alþjóðavettvangi.

Samningarnir eru undirstaða þess hjálparstarfs sem fram fer á vígvöllum heimsins. Með þeim er leitast við að draga úr ómanneskjulegum afleiðingum styrjalda. Með þeim hefur ótöldum mannlífum verið bjargað, aðstæður þúsunda stríðsfanga verið bættar og milljónir sundraðra fjölskyldna sameinaðar.

Guðlaugur Þór Þórðarson utanríkisráðherra segir að með mannúð að leiðarljósi kveði Genfarsamningarnir á um vernd þeirra sem ekki taka þátt í vopnuðum átökum, þar á meðal stríðsfanga. „Jafnframt er reynt að takmarka með hvaða hætti heyrja má stríð. Vígvællir samtímans eru í auknum mæli innan ríkja og erfiðara að greina á milli óbreyttra borgara og stríðandi fylkinga. Flest fórnarlömb styrjalda eru óbreyttir borgarar,“ segir Guðlaugur.

Heljarlóðarorrusta upphafið

Hugmyndin að alþjóðlegu mannúðarstarfi er rakin til svissneska kaupsýslumannsins Jean-Henri Dunant (1828-1910) sem varð árið 1859 vitni að orrustu við þorpið Solferino suður af Gardavatninu á Ítalíu. Þar bárust herir Frakka og Austurríkismanna á banaspjótum í einu af sjálfstæðisstríðum Ítala. Á einum degi féllu og særðust um 40 þúsund manns. Benedikt Gröndal nefndi þetta Heljarlóðarorrusta og sagði mannfallið „svo mikið, að blóð tók mönnum í mjadmir“.

Á þessum vígvælli beitti Dunant sér fyrir hjálparstarfi. Í kjölfarið

fylgdi síðan stofnun Alþjóða Rauða krossins með fyrsta Genfarsamningnum. Honum var svo breytt verulega árið 1949 eftir hildarleik síðari heimsstyrjaldarinnar og mjög alvarleg brot hernaðaraðila á fyrri samningum. Þá varð til sá Genfarsáttmáli er við þekkjum í dag.

Fjórir samningar

Genfarsamningarnir og viðaukar þeirra eru alþjóðleg mannúðarlög sem gilda einungis á öfriðartímum. Þeim er ætlað að vernda þá sem ekki taka beinan þátt í öfriði fyrir afleiðingum atakanna. Þá er átt við óbreytta borgara, særða og sjúka hermenn, stríðsfanga og starfsfólk hjálparsamtaka.

Genfarsamningarnir voru samþykktir árið 1949 með þremur viðbótum frá árunum 1977 og 2005.

Sá fyrsti fjallar um meðferð slasaðra og sjúkra hermanna á vígvælli sem sýnd skuli virðing. Innviðir til að hlúa að þeim njóti verndar sem og hjálparstarfsmenn. Uppruna samningsins má rekja til ársins 1864 en hann var endurskodaður árið 1949.

Annar samningurinn nær til átaka á hafi og kveður á um bætt meðferð særðra, sjúkra og skippreika hermanna. Samningurinn var upprunalega samþykktur 1949.

Þriðji samningurinn nær til meðferðar og verndar stríðsfanga, sem og aðbúnað þeirra. Hjálparsamtök skulu hafa rétt til eftirlits og til að upplýsa fanga um réttindi þeirra. Samningurinn var upprunalega samþykktur árið 1929 en endurskodaður árið 1949.

Fjórdi samningurinn, sem er talinn sá mikilvægasti, fjallar um meðferð óbreyttra borgara í stríði. Bannað er að fólk sé beitt ofbeldi eða svipt manngri rein. Lagt er bann við mismunum fólks eftir kynþætti, litarhætti, þjóðernisuppruna, trúarbrögðum, skodunum, kynferði og félagslegri stöðu. Samningurinn var upprunalega samþykktur 1949.



Hin síðari ár hefur bein þátttaka barna í hernaði aukist mjög með alvarlegum afleiðingum. NORDICPHOTOS/GETTY

Vegna sjálfstæðisbaráttu nýlenduríkja og ýmissa þjóðernis-hreyfinga þótti nauðsynlegt að útfæra skilgreiningu mannúðarlaga. Það var gert með þremur viðbótarsamþykktum eða bókunum.

Fyrsta bókunin er frá árinu 1977 og kveður á um aukna vernd óbreyttra borgara. Bann er lagt við árásum á borgaraleg mannvirki með enga hernaðarþýðingu.

Í annarri bókuninni sem er frá 1977 er áréttað að sú vernd sem Genfarsamningarnir veita nái einnig til innanlandsátaka. Þar er meðal annars vísað til árasa skærulíða á almenna borgara.

Þriðja bókunin er frá árinu 2005, og gefur hún Rauða kristalnum (sem tákni án trúarlegrar skírskotunar) sömu stöðu og Rauði krossinn og Rauði hálfmáninn hafa haft.

Ísland þátttakandi

Genfarsamningarnir hafa verið samþykktir af 196 ríkjum heims. Ísland fullgilti Genfarsamningana 10. ágúst 1965 og viðauka I árið 1987, viðauka II árið 1987 og

síðan viðauka III árið 2006. Í raun hefur Ísland verið aðili að Genfarsamningnum frá upphafi, enda þá í konungssambandi við Danmörku, stofnaðila fyrsta samningsins.

Guðlaugur Þór segir að í árslok 2018 hafi Alþingi samþykkt lög um refsingar fyrir höp morð, glæpi gegn mannúð, stríðsglæpi og glæpi gegn friði sem tryggir m.a. að íslensk lög-gjöf endurspegli Genfarsamningana enn betur. „Íslensk stjórnvöld eiga einnig mjög gott samstarf við Rauða krossinn sem hefur einstöku hlutverki að gegna við framkvæmd samninganna,“ segir hann.

Enn þörf fyrir Genfarsamningana

Upplýsingasetur innan Uppsala-háskóla (UCDP) um átök segir að frá seinni heimsstyrjöld hafi verið um 250 meiriháttar stríð í heiminum þar sem meira en 50 milljónir hafi verið drepin, tugir milljóna orðið heimilislaus, og óteljandi hafi særst eða eigi um sárt að binda. Í dag séu 27 virk stríð og meiriháttar átök í heiminum. Að auki eru tugir stríða að forminu til þótt engin séu átök.



Við þurfum sífellt að minna á þá og auka þekkingu almennt á alþjóðlegum mannúðarlögum, bæði meðal herja og almennings um þá vernd sem honum ber. Jafnframt þarf að halda áfram að draga til ábyrgðar fyrir glæpi í vopnuðum átökum.

Guðlaugur Þór Þórðarson
utanríkisráðherra

Sænsk friðarrannsóknarstofnun SIPRI, segir að fólk á vergangi á árinu 2018 hafi verið 68,5 milljónir, þar af teljist meira en 25 milljónir flóttamenn.

Utanríkisráðherra segir að tíðar fréttir af stríðsátökum ættu að vera okkur áminning um mikilvægi Genfarsamninganna. „Við þurfum sífellt að minna á þá og auka þekkingu almennt á alþjóðlegum mannúðarlögum, bæði meðal herja og almennings um þá vernd sem honum ber. Jafnframt þarf að halda áfram að draga til ábyrgðar fyrir glæpi í vopnuðum átökum,“ segir Guðlaugur Þór.

„Meginatriði er að koma í veg fyrir styrjaldir svo ekki þurfi að koma til beitingar mannúðarlaga á stríðstímum. Um þetta fjallar alþjóðasamvinna að stóru leyti. Til dæmis Sameinuðu þjóðanna, alþjóðastofnana á borð við Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu, Evrópuráðið og Atlantshafsbandalagið,“ segir Guðlaugur Þór utanríkisráðherra.

david@frettbladid.is

DRAUMASIGLINGAR MEÐ NORWEGIAN CRUISE LINE

FREE AT SEA

ALLT INNIFALIÐ Í ÖLLUM SIGLINGUM

EKKI BORGJA MEIRA EN ÞÚ ÞARFT



WORLD
TRAVEL
AWARDS

PANAMASKURÐURINN MEÐ NCL JOY 11. FEBRÚAR - 5. MARS 2020

Verð frá kr.
575.000
á mann í 2ja manna
inniklefa með
**PREMIUM ALLT
INNIFALIÐ**



ÍSLENSK FARARSTJÓRN • GIST Í 3 NÆTUR Í ORLANDO OG 3 Í LOS ANGELES • GREAT STIRRUP CAY
CARTAGENA, PUNTARENAS, PUERTO QUETZAL, PUERTO VALLARA, PUERTO SAN LUCAS, LOS ANGELES

Uppselt

JÓL Í KARÍBAHAFINU
20. des. 2019 - 4. jan. 2020

Costa Maya í Mexíkó, Harvest Caye
Roatán í Hondúras, Cozumel
í Mexíkó

Verð frá kr. 375.000 á mann

KARÍBAHAFIÐ
19. mars - 2. apríl 2020

Costa Maya í Mexíkó, Harvest Caye
Roatán í Hondúras
Cozumel í Mexíkó

Verð frá kr. 345.000 á mann

PÁSKAR Í KARÍBAHAFINU
11. - 24. apríl 2020

Great Stirrup Cay, Ocho Rios
á Jamaíku, Georg Town
og Cozumel í Mexíkó

Verð frá kr. 410.000 á mann

SINGAPORE TIL TOKYO
11. apríl - 5. maí 2020

Ho Chi Minh í Víetnam, Hong Kong
og Shanghai í Kína, Hiroshima, Kochi
Shimizu, Yokohama og Tokyo í Japan

Verð frá kr. 840.000 á mann

ATLANTSHAFIÐ
20. apríl - 10. maí 2020

Azoreyjar, Lissabon, Cadiz (Sevilla)
Malaga, Mallorca, Barcelona, Cannes
Livorno, Civitavecchia, Róm

Verð frá kr. 470.000 á mann

GRÍSKA EYJAHAFIÐ
12. - 26. maí 2020

Kotor í Svartfjallalandi, Korfu, Santorini
Aþena, Ródos, Mykonos í Grikklandi
Dubrovnik í Króatíu, Feneyjar

Verð frá kr. 452.000 á mann

MIÐJARÐARHAFIÐ
28. maí - 8. júní 2020

Napolí, Civitavecchi, Livorno
Flórens, Písa, Cannes, Palma
á Mallorca, Barcelona

Verð frá kr. 395.000 á mann

EYSTRASALTIÐ
16. - 25. júní 2020

Warnemunde í Þýskalandi, Tallin
St. Pétursborg í Rússlandi, Helsinki
Nynashamn og Kaupmannahöfn

Verð frá kr. 380.000 á mann

MIÐJARÐARHAFIÐ
4. - 15. sept. 2020

Napolí, Civitavecchi, Livorno
Flórens, Písa, Cannes, Palma
á Mallorca, Barcelona

Verð frá kr. 388.000 á mann

ÍTALÍA OG EYJAHAFIÐ
7. - 21. sept. 2020

Kotor, Svartfj.landi, Dubrovnik
Króatíu, Corfu, Santorini, Mykonos,
Grikklandi, Napolí, Livorno, Ítalíu

Verð frá kr. 470.000 á mann

KARÍBAHAFIÐ
19. nóv. - 1. des. 2020

Puerto Plata í Dóminíska
lýðveldinu, St. Thomas, Tortola
og Great Stirrup Cay

Verð frá kr. 345.000 á mann

JÓL Í KARÍBAHAFINU
18. - 30. des. 2020

Cozumel og Costa Maya í Mexíkó
Roatán í Hondúras
Harvest Caye

Verð frá kr. 425.000 á mann

NCL NORWEGIAN
CRUISE LINE®

Besta skipafélagið í Evrópu 11 ár í röð og 6 ár í Karíbahafi

NORRÆNA
FERÐASKRIFSTOFAN

Sími 570 8600

www.norræna.is
Stangarhyl 1, 110 Rvk.

VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

Mánudagur

Reykjavík



9 | 9
°C ↓

Egilsstaðir



9 | 3
°C ↗

Ísafjörður



3 | 11
°C ↓

Kirkjubæjarkl



12 | 13
°C ↘

Akureyri



7 | 9
°C ↘

Hveravellir



2 | 13
°C ↘

Norðan og norðvestan, 10-18 m/s, hvassast með austurströndinni. Rigning um norðanvert landið, talsverð eða mikil á köflum, en slydda eða snjócoma til fjalla. Norðan 10-18 m/s á morgun, hvassast vestast á landinu, en lægir heldur og styttr upp A til síðdegis. Hiti 3 til 8 stig, en lengst af bjartviðri syðra og hiti 10 til 15 stig.

Þriðjudagur

Reykjavík



12 | 8
°C ↙

Egilsstaðir



10 | 5
°C ↙

Ísafjörður



4 | 8
°C ↙

Kirkjubæjarkl



13 | 3
°C ↗

Akureyri



8 | 4
°C ↘

Hveravellir



4 | 7
°C ↙

Miðvikudagur

Reykjavík



13 | 3
°C ↓

Egilsstaðir



6 | 4
°C ↓

Ísafjörður



5 | 4
°C ↙

Kirkjubæjarkl



13 | 1
°C ↙

Akureyri



5 | 2
°C ↓

Hveravellir



6 | 6
°C ↙

LÉTT

2			7	3		6	
		5	4		2	8	3
		4	6				
6			9		8		
				3		6	5
3		9		4			2
	7				4		
		6			5		7
	2	3		9			

MIDLUNGS

3		4	7				1
	5	1		8			
6		7			4		
	7				9		4
			2		3	6	5
4		6					1
					2	3	9
2		3	8			1	
5	4						7

PUNG

3		6	1				
9			2		7		
		2	9		5	7	
4		8					1
				5	6		9
1							4
2	8		7	1			6
		7					5

Krossgáta

LÁRÉTT

- 1 Högni
- 5 Sakka
- 6 Tveir eins
- 8 Land í Evrópu
- 10 Átt
- 11 Hress
- 12 Hnoð
- 13 Flog
- 15 Svík
- 17 Nötra

LÓDRÉTT

- 1 Kvarnast
- 2 Gramsa
- 3 Jafnvel
- 4 Hreinsi
- 7 Fylki
- 9 Fjærst
- 12 Rófa
- 14 Dauði
- 16 Rún

1	2	3		4	
5				6	7
8			9		
10				11	
13	14				
15				16	
	17				

LÁRÉTT: 1 fress, 5 lóð, 6 kk, 8 hálfa, 10 sa, 11 ern, 12 hnit, 13 slæg, 15 talsyn, 17 titra.
LÓDRÉTT: 1 filasast, 2 rófa, 3 eða, 4 skir, 7 kantóna, 9 lengst, 12 hall, 14 lát, 16 yr.

Skák Gunnar Björnsson

Hilmir Freyr Heimisson (2.258) átti leik gegn Konstantinos Triantos á EM ungmenna.

19.... Rfe2+!! 20. Dxe2 Dxc1!
21. Rxd4 De3+ 22. Kg2 exd4.
Skiptamun yfir varð Hilmir Freyr ekki skotaskuld að innbyrða vinninginn. Vignir Vatnar Stefánsson fékk flesta vinninga íslensku krakkanna eða 6 vinninga í 9 skákum.

www.skak.is: Allt um EM

Svartur á leik



6	1	3	9	2	7	8	4	5
5	7	8	6	4	3	1	9	2
9	4	2	1	5	8	3	7	6
1	3	5	4	6	9	2	8	7
2	6	9	7	8	1	5	3	4
7	8	4	5	3	2	6	1	9
4	9	6	3	1	5	7	2	8
8	5	1	2	7	4	9	6	3
3	2	7	8	9	6	4	5	1
9	1	6	4	3	7	2	5	8
2	8	7	5	6	1	9	3	4
5	3	4	8	9	2	1	6	7
6	2	1	9	7	4	3	8	5
7	9	3	1	5	8	6	4	2
4	5	8	6	2	3	7	9	1
1	6	5	2	4	9	8	7	3
3	4	2	7	8	6	5	1	9
8	7	9	3	1	5	4	2	6
2	5	7	3	6	1	4	9	8
8	6	3	4	9	2	1	5	7
4	7	8	1	5	9	3	6	2
1	2	5	7	3	6	9	8	4
3	9	6	8	2	4	5	7	1
5	3	2	9	1	7	8	4	6
6	8	9	2	4	3	7	1	5
7	4	1	6	8	5	2	3	9

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Pondus



Gelgjan



Barnalán



LOGGILTUR RAUFVERKTAKI

Alhliða rafverktakar
þjónusta við fyrirtæki og heimili

RAFLÍNA
Sími 617 1111 - raflina@raflina.is

GEFÐU HÆNU

gjofsemgefur.is
907 2003

Hjálparstarf kirkjunnar

EITT LANDSINS MESTA ÚRVAL AF PERUM

RAFVÖRU MARKAÐURINN
Rafvörumarkaðurinn við Fellsmúla | Sími: 585 2888

KEA SKYR

ÞRJÁR LEIÐIR TIL AÐ NJÓTA



ÞETTA GAMLA GÓÐA

NYJAR
UMBÚÐIR



KOLVETNASKERT

NÝTT!



ÁVEXTIR Í BOTNINUM

NÝTT!





„Öll bestu tónskáld sem ég hef unnið með þekktu tónlistarsöguna,“ segir Sigurbjörn. FRÉTTABLAÐID/SIGTRYGGUR ARI

Eina lífið sem ég get hugsað mér

Sigurbjörn Bernharðsson, Grammy-verðlaunahafi, fiðluleikari og prófessor við tónlistarháskólann í Oberlin í Bandaríkjunum, kom hingað til lands til að kenna á Alþjóðlegu tónlistarakademíunni.

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is



Sigurbjörn Bernharðsson fiðluleikari og prófessor var staddur hér á landi á dögunum en hann var meðal kennara Alþjóðlegu tónlistarakademíunnar sem haldin var í Hörpu. Þar hélt hann námskeið fyrir 20 unga tónlistarmenn á aldrinum 14-22 ára, erlenda sem innlenda. Hann æfði nemendur í flutningi strengjakvartetta, en sjálfur starfaði hann í 17 ár sem fiðluleikari í Pacifica strengjakvartettinum sem vann til ýmissa verðlauna, þar á meðal Grammy-verðlauna árið 2009. Sigurbjörn hafði reyndar ekki tók á að veita þeim verðlaunum viðtöku í eigin persónu því hann var á tónleikaferðalagi á þeim tíma.

„Tónlist fyrir kvartetta er eitt af mínum sérsviðum og margir telja hana vera hjarta tónlistarþóknunarmenntanna. Tónskáldum finnst enn þann dag í dag jafn áhugavert að skrifa strengjakvartett og þeim fannst fyrir 300 árum,“ segir hann. „Á námskeiðinu voru 20 einstaklingar sem ég skipti í fimm hópa. Margir þeirra þekktust ekki neitt, voru frá mismunandi stöðum með mismunandi lífsviðhorf og fylgja mismunandi trú en en þurftu að vera ein heild þegar þeir tóku þessa tónlist. Akademiá eins og þessi sem haldin var í Hörpu undirbýr þetta tónlistarfolk undir svo margt, eins og til dæmis hljómsveitarflutning og samstarf við fólk.“

Spilaði 90-100 tónleika á ári
Sigurbjörn er prófessor við tón-

ÞEGAR ÉG FÓR Í STRÆTÓ TIL AÐ FARA Í SPILATÍMANA FALDI ÉG FIÐLUKASSANN Í FÓTBOLTA-TÖSKUNNI. ÉG VILDI EKKI AÐ VINIR MÍNIR VISSU AÐ ÉG VÆRI AÐ SPILA.

listarháskólann í Oberlin sem er elsti tónlistarháskóli Bandaríkjana, en áður var hann prófessor í fiðluleik og kammertónlist við Jacob School of Music háskólann í Indiana. „Oberlin er bæði háskóli og tónlistarháskóli. Skólinn er þekktur fyrir að vera ótrúlega róttækur skóli og var til dæmis fyrsti skólinn sem veitti svartri konu inngöngu og það var árið 1833, löngu fyrir þrælastríðið. Síðar þegar þrælar flúðu frá suðri þá komu þeir til Oberlin þar sem þeir gátu lifað sem frjálst fólk og þeim var einnig veitt aðstoð til að komast yfir til Kanada,“ segir Sigurbjörn.

Fyrir tveimur árum hætti Sigurbjörn að spila með Pacifica strengjakvartettinum. „Þetta voru 17 ár og við vorum að spila 90-100 tónleika á ári og á ferðalagi 200 daga. Ég hafði helgað mig þessum kvartett aflífi og sál í öll þessi ár og nú var ég tilbúinn fyrir næsta verkefni. Þegar mér var boðið starfið hjá Oberlin var eins og hver einasta fruma í líkamanum bæði mig um að taka því og um leið kom ekki annað til greina en að hætta í kvartettinum. Ég á konu og tvö lítil börn og var ekki tilbúinn að missa af öllum afmælum hjá þeim. Nú er ég í fullu starfi sem prófess-

or í fiðluleik og hef tíma til að spila meiri einleik og taka að mér önnur verkefni.“

Ekki ólíkt hlutverki leikara

Aðspurður segist Sigurbjörn ekki semja eigin tónlist. „Hlutverk hljóðfæraleikara er ekki ólíkt hlutverki leikara. Við erum með handrit og það er okkar að túlka efni þess. Ég hef lært mikla hljómfraði en hún er lykillinn að því að flytjendurnir skilji tónlistina sem þeir flytja. Ég hef unnið með ógrynni af tónskáldum og þau eru að eiga við sömu viðfangsefni og tónskáldin fyrir 300 árum: tilfinningar og viðhorf til þess sem er að gerast í heiminum. Það er makalaust mikið af frábærum tónskáldum starfandi í dag og þau blanda saman alls kyns tónlist eins og til dæmis þjóðlagatónlist og popptónlist. Ég hef fylgst með íslenskri tónlist og mér finnst ekki vera nein íslensk rödd, það er heldur engin amerísk rödd og engin þýsk rödd. Það er mikið að gerast og margir eru að semja. Það sem angrar mig stundum í sambandi við nýja tónlist í dag er að það verður mjög augljóst þegar tónskáldin þekktu ekki söguna. Öll bestu tónskáld sem ég hef unnið með þekktu tónlistarsöguna, allt frá tónlist Palestrina til tónlistar dagsins í dag og byggja þess vegna á sterkum og góðum grunni. Þegar tónskáld sem þekktu tónlistarsöguna vel eru frumleg þá eru þau verulega frumleg.“

Erfitt að vera strákur og læra á fiðlu

Sigurbjörn ólst upp í tónlistarumhverfi og var sex ára þegar hann byrjaði að læra á fiðlu. „Mamma, Rannveig Sigurbjörnsdóttir, er ótrúlegur tónlistaráhugamaður og með gríðarlegt tónlistarminni. Ef hún heyrir verk einu sinni þá man hún það. Ef hún hefði fæðst í dag

Er ferðavagninn rafmagnslaus?



Mikið úrval - Traust og fagleg þjónusta

SKORRI

SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

TUDOR

TUDOR

Bíldshöfða 12 • 110 Rvk • 577 1515 • skorri.is

Hvað? Hvenær? Hvar? Mánudagur

hvar@frettabladid.is

12. ÁGÚST 2019

Hvað? Fyrirlestur
Hvenær? 12.00-13.00
Hvar? Listaháskóli Íslands
Tónskáldið Eivind Buene,
prófessor við Norska
tónlistarháskólann
(Norwegian Academy of Music),
heldur fyrirlestur
um eigin tónlist.
Ókeypis aðgangur.

Hvað? Tónleikar fyrir
einleiksstrengjahljóð-
færi
Hvenær? 21.00

Hvar? Mengi, Óðinsgötu
Flutt verða verk eftir Eivind
Buene, Tryggva Baldvinsson,
Anne Sophie Andersen,
Dai Fujikura, Matthias
McIntire, Angel Lam,
og Salvatore Sciarrino
Flytjendur
eru Mari Kimura,
Henrik Brendstrup,
Ásdis Valdimarsdóttir,
Gróa Margrét Valdimarsdóttir,
Patrick Yim,
Emmanuel Vukovich,
og Matthias McIntire.
Miðasala á tónleikastað.



Gróa Margrét
Valdimarsdóttir.



Ásdis Valdimarsdóttir.

ÞETTA VORU 17 ÁR OG VIÐ VORUM AÐ SPILA 90-100 TÓNLEIKA Á ÁRI OG Á FERDALAGI 200 DAGA. ÉG HAFÐI HELGAÐ MIG ÞESSUM KVARTETT AF LÍFI OG SÁL Í ÖLL ÞESSI ÁR OG NÚ VAR ÉG TILBÚINN FYRIR NÆSTA VERKEFNI.

Þá hefði hún orðið tónlistarmaður. Það er ekkert sem hún elskar meira en tónlistina, nema við börnin. Systir mín, Svava Bernharðsdóttir, er atvinnutónlistarmaður og spilar í Sinfóniunni. Frændi minn, Þorkell Sigurbjörnsson, hafði mikil áhrif á mig því hann tók mig oft með á tónleika og kynnti mig fyrir alls konar tónlist. Ég er einmitt nýbúinn að gefa út hjá Smekkleysu upptöku af verkum hans fyrir fiðlu.

Ég hreifst strax af tónlist en það var erfitt að vera strákur og læra á fiðlu því þar var ég eini strákurinn. Þegar ég fór í strætó til að fara í spilatímana faldi ég fiðlukassann í fótbotatöskunni. Ég vildi ekki að vinir mínir vissu að ég væri að spila. Ég hafði kennara sem héldu mér við efnið, Gigju Jóhannsdóttur og seinna Guðnýju Guðmundsdóttur sem gerði mér grein fyrir því að ef ég ætlaði að leggja fyrir mig fiðluleik yrði ég að æfa mig fimm tíma á dag. Í dag er ég atvinnumaður og kann þetta en þarf að æfa mig mikið á hverjum degi. Þess vegna æfi ég mig í klukkutíma áður en krakkarnir vakna og síðan í einn klukkutíma áður en ég byrja að kenna og svo eins mikið og ég get þegar ég undirbý verkefni. Ég er ekki að segja að þetta sé besta líf í heimi en þetta er eina lífið sem ég get hugsað mér."

12. ágúst 2019 • Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabroti

ALLT AÐ **60 ÞÚSUND** AFSLÁTTUR AF FARTÖLVUM

ALLT AÐ **50% AFSLÁTTUR** AF YFIR 1000 VÖRUM

OPNUNAR OPNUNAR TILBOÐ

MEDAN BIRGÐIR ENDAST

VEISLA ALLA VIKUNA
Fjöldi opnunartilboða og ljúffengur Lurkur frá Emmessís í boði!

TÖLVUTEK

NÝ VERSLUN
Í MÖRKINI 3 REYKJAVÍK OG UNDIRHLÍÐ 2 AKUREYRI

Reykjavík • Mörkin 3 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

Mánudagur



Sumar gjöf Rásar 2

Úrval eldri og nýrri þátta úr safni Rásar 2 sem þú getur notið þegar þér hentar. Sumargjöfn er aðgengileg í spilara á RÚV.is, í RÚV-appinu, á Spotify og öllum helstu hlaðvarpsveitum.

Nýjir þættir í spilara

RAGGA GÍSLA Í 60 ÁR



RÁS 2

fyrst og fremst

RÚV SJÓNVARP

- 13.00** Útsvar 2016-2017 Garðabær - Hornafjörður
- 14.10** Enn ein stöðin
- 14.35** Maður er nefndur Ólöf Ólafsdóttir Í þessum þætti ræðir Jónatan Garðarsson við séra Ólöfu Ólafsdóttur. Ólöf segir frá ætt sinni og uppruna og æskuárunum í Reykjavík. Hún segir frá skólagöngu sinni, m.a. frá veru sinni í MR. Hún talar einnig um fjölskyldu sína og það áfall sem hún varð fyrir er maður hennar, Svavar Pálsson, lést fyrir aldur fram. Ólöf segir frá starfsferli sínum og guðfræðináminu sem hún fór í á sextugsaldri. Hún segir frá starfi sínu sem prestur á hjúkrunarheimilinu Skjóli.
- 15.20** Út og suður
- 15.45** Af fingrum fram Egill Ólafsson
- 16.35** Til Rússlands með Simon Reeve Þriggja þátta röð frá BBC þar sem Simon Reeve fer í magnað ferðalag um Rússland. Í þriðja þætti liggur leið Reeves frá Krímskaga til Sankti Pétursborgar.
- 17.35** Augnablik - úr 50 ára sögu sjónvarpsins
- 17.50** Táknálsfréttir
- 18.00** KrakkaRÚV
- 18.01** Lalli
- 18.08** Minnsti maður í heimi
- 18.09** Simon
- 18.14** Refurinn Pablo
- 18.19** Letibjörn og læmingjarnir Teiknimyndapættir um björn sem býr í þjóðgarði í Kanada og heldur að hús skógarvarðarins sé yfirráðasvæði hans þegar skógarvörðurinn bregður sér frá. Vandamálið er að hópur læmingja hefst einnig við í húsinu og sambúð bjarnarins og læmingjanna gengur ekki sérstaklega vel.
- 18.28** Klingjur
- 18.39** Mói
- 18.50** Landakort Vitinn á Selskeri
- 19.00** Fréttir
- 19.25** Íþróttir
- 19.30** Veður
- 19.35** Sumarið
- 20.00** Flökkuhópar í náttúrunni Heimildapáttaröð í fjórum hlutum frá National Geographic um búferlaflutninga í dýrarikinu, þar sem dýr af ýmsum tegundum ferðast langar leiðir til að tryggja afkomu sína og afkvæma sinna.
- 20.55** Hið sæta sumarlíf
- 21.10** Sýknaður
- 22.00** Tiufréttir
- 22.15** Veður
- 22.20** Þetta er Orson Welles Heimildarmynd um kvikmyndaleikstjórnann Orson Welles sem byggist meðal annars á viðtölum við hann sjálfan, dóttur hans og fólk úr kvikmyndaiðnaðinum. Leikstjórn: Clara Kuperberg og Julia Kuperberg.
- 23.15** Haltu mér, slepptu mér
- 00.10** Dagskrárlök

GOLFSTÖÐIN

- 08.55** PGA Highlights Hápunktarnir á PGA mótunum.
- 09.50** The Open Specials
- 10.20** Golfing World Skemmtilegur þáttur sem fjallar um allt sem við kemur golfheiminum.
- 11.10** Ladies Scottish Open Útsending frá Ladies Scottish Open á LPGA mótariðinni.
- 14.10** Golfing World
- 15.00** The Northern Trust Útsending frá The Northern Trust á PGA mótariðinni.
- 20.55** Ladies Scottish Open

ÚTVARP

FM 88,5 XA-Radíó
FM 89,5 Retro
FM 90,1 Rás 2

FM 90,9 Gullbylgjan
FM 93,5 Rás 1
FM 95,7 FM957

SJÓNVARP SÍMANS

- 06.00** Síminn + Spotify
- 08.00** Dr. Phil
- 08.45** The Tonight Show
- 09.30** Síminn + Spotify
- 12.00** Everybody Loves Raymond
- 12.20** The King of Queens
- 12.40** How I Met Your Mother
- 13.05** Dr. Phil
- 13.50** The Neighborhood
- 14.15** Crazy Ex-Girlfriend
- 15.00** 90210
- 16.00** Malcolm in the Middle
- 16.20** Everybody Loves Raymond
- 16.45** The King of Queens
- 17.05** How I Met Your Mother
- 17.30** Dr. Phil
- 18.15** The Tonight Show
- 19.00** The Late Late Show
- 19.45** Superstore
- 20.10** Gordon Ramsay's 24 Hours to Hell and Back
- 21.00** Seal Team
- 21.50** MacGyver
- 22.35** Mayans M.
- 23.35** The Tonight Show
- 00.20** The Late Late Show
- 01.05** NCIS
- 01.50** The Good Fight
- 02.35** Star
- 03.20** I'm Dying Up Here
- 04.20** Síminn + Spotify

RÚV RÁS EITT

- 06.45** Morgunbæn og orð dagsins
- 06.50** Morgunvaktin
- 07.00** Fréttir
- 07.30** Fréttayfirlit
- 08.00** Morgunfréttir
- 08.30** Fréttayfirlit
- 09.00** Fréttir
- 09.05** Segðu mér
- 09.45** Morgunleikfimi
- 10.00** Fréttir
- 10.03** Veðurfregnir
- 10.13** Flugur Vængir koma fyrir í öllum lögunum
- 11.00** Fréttir
- 11.03** Mannlegi þátturinn
- 12.00** Fréttir
- 12.02** Hádegisútlit
- 12.20** Hádegisfréttir
- 12.40** Veðurfregnir
- 12.50** Dánarfregnir
- 12.55** Samfélagið
- 14.00** Fréttir
- 14.03** Til allra átta Nikkan blivur
- 15.00** Fréttir
- 15.03** Að rækta fólk Lýst er skólastarfi í sveitum landsins
- 16.00** Síðdegisfréttir
- 16.05** Hátalarinn
- 17.00** Fréttir
- 17.03** Tengivagninn
- 18.00** Spegillinn
- 18.30** Útlit KrakkaRÚV
- 18.50** Veðurfregnir
- 18.53** Dánarfregnir
- 19.00** Sumartónleikar evrópskra útvarpsstöðva
- 20.35** Mannlegi þátturinn
- 21.30** Kvöldsgagan. Hringrás
- 22.00** Fréttir
- 22.05** Veðurfregnir
- 22.10** Tengivagninn
- 23.05** Hátalarinn
- 00.00** Fréttir
- 00.05** Næturútlit Rásar 1

STÖÐ 2 BÍÓ

- 12.00** The Circle
- 13.50** Surf's Up 2. WaveMania
- 15.15** Made of Honor
- 16.55** The Circle
- 18.50** Surf's Up 2. WaveMania
- 20.15** Made of Honor
- 22.00** Winchester
- 23.40** Baby Driver
- 01.35** Estranged
- 03.10** Winchester

STÖÐ 2

- 07.00** The Simpsons
- 07.25** Friends
- 07.45** Gilmore Girls
- 08.30** Ellen
- 09.15** Bold and the Beautiful
- 09.35** My Brain and Me
- 10.25** Divorce
- 10.55** The Great British Bake Off
- 11.55** Landnemarnir
- 12.35** Nágrannar
- 13.00** So You Think You Can Dance
- 14.20** So You Think You Can Dance
- 15.50** Manstu
- 16.35** Mom
- 17.00** Bold and the Beautiful
- 17.20** Nágrannar
- 17.45** Ellen
- 18.30** Fréttir Stöðvar 2 Fréttastofa Stöðvar 2 flytur fréttir í opinni dagskrá.
- 18.55** Ísland í dag Skemmtilegur og fjölbreyttur dægurmálaþáttur.
- 19.10** Sportpakkinn Íþróttafréttamenn fara yfir það helsta úr heimi íþróttanna.
- 19.20** Veður
- 19.25** Grand Designs Australia
- 20.20** Suits
- 21.05** The Son
- 21.50** Snatch
- 22.35** 60 Minutes
- 23.20** Our Girl
- 00.15** Jett
- 01.05** Knightfall
- 01.50** Succession
- 02.50** Succession
- 03.50** Succession
- 04.45** Broadchurch Þriðja þáttaröð og jafnframt sú síðasta af þessum magnþrungnu spennuþáttum. Í þessari þáttaröð rannsaka rannsóknarlögreglufulltrúarnir Alec Hardy og Ellie Miller alvarlegt kynferðisbrot. Fljótlega komast þau að því að staðsetning árásarinnar og aðstæður þar í kring munu tefta rannsókn málsins. Ólafur Arnalds sér um tónlistina í þáttunum eins og í fyrri þáttaröðum.

STÖÐ 3

- 19.10** Mom
- 19.35** Schitt's Creek
- 20.00** Seinfeld
- 20.25** Friends
- 20.50** Wrecked
- 21.15** Empire
- 22.00** Who Do You Think You Are?
- 22.45** The Hundred
- 23.30** Supernatural
- 00.15** Mom
- 00.40** Seinfeld
- 01.05** Tónlist

STÖÐ 2 SPORT

- 08.30** N1 - mótið Skemmtilegur þáttur um knattspyrnustjórnur framfarinnar.
- 09.10** Portsmouth - Birmingham
- 10.50** Grótta - Keflavík Útsending frá leik í Inkasso deild karla.
- 12.30** Fylkir - Stjarnan Útsending frá leik í Pepsi Max deild kvenna.
- 14.10** Pepsi Max mörk kvenna
- 15.15** ÍA - Breiðablik
- 16.55** Valur - FH
- 18.35** Football League Show Sýndar svipmyndir úr leikjunum í ensku 1. deildinni.
- 19.05** Fylkir - Grindavík Bein útsending frá leik í Pepsi Max deild karla.
- 21.15** Pepsi Max mörk karla Leikirnir í Pepsi Max deild karla gerðir upp af sérfræðingum Stöðvar 2 Sport.
- 22.45** Atletico Madrid - Juventus Útsending frá leik í International Champions Cup.

FM 96,3 FM Suðurland
FM 96,7 Létt Bylgjan
FM 97,7 X-ið

FM 98,9 Bylgjan
FM 99,4 Útlit Saga
FM 100,5 K100

FM 102,9 Lindin

ENN HOLLARI OLÍA

það byrjar allt með fjórum fræjum



**OMEGA 3 & 6
+ D- & E-VÍTAMÍN
NAUÐSYNLEGAR FYRIR LÍKAMANN**

ISIO 4 FÆRIR ÞÉR MIKILVÆG NÆRINGAREFNI





8. - 19. ÁGÚST

20-40%

AF BORÐSTOFU-
HÚSGÖGNUM OG
BORÐBÚNAÐI



ILVA Korputorgi, s: 522 4500 - www.ilva.is
laugardaga og sunnudaga 12-18
mánudaga - föstudaga 11-18:30



Vafalaust myndast ákveðið gat á veislustjórmarkaðinum þegar Margrét eignast frumburð sinn. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Veislan aldrei skemmtilegri en fólkið sem er í henni

Margrét Erla Maack býður nú fólki upp á námskeið í veislustjórn. Hún segist hafa skemmt í góðum og hræðilegum veislum og að námskeiðið henti öllum sem langar að taka að sér að stýra mannamótum.

Fjöllistakonan og skemmtikrafturinn Margrét Erla Maack stendur fyrir námskeiðum í veislustjórn í vikunni. Í mars síðastliðnum var hún uppbókuð og flestir í sama bransa sem hún beindi fólki vanalega til einnig. Í kjölfarið fékk hún þá hugmynd að bjóða upp á námskeiðin, enda uppfyll um fróðleik eftir að hafa verið í skemmtanabransanum í meira en áratug.

Stundum gengið eins og í sögu, stundum eins og í martröð

„Ég var svoltið að lenda í að fólk var að hringja í mig í stressi að segja mér að það hefði tekið að sér veislustjórnun og hefði ekki hugmynd um hvað það ætti að gera. Það var þá fólk sem mér finnst mjög skemmtilegt og sniðugt og ég hélt að myndi alveg geta þetta,“ segir Margrét Erla um ástæðu þess að hún ákvað að bjóða upp á námskeiðin.

Hún segist oft í gegnum tíðina hafa fengið spurningar tengdar veislustjórnun.

„Hvað á að rukka, í hverju á að vera, hvernig er best að raða upp

kvöldi. Ég er auðvitað alls ekki alvitur, en veislustjórn og skemmtanir hafa verið lifibrauð mitt síðustu fjögur árin, ég hef skemmt í frábærum og hræðilegum veislum. Allt hefur gengið eins og í sögu og eins og í martröð.“

Samskipti við eldhúsið mikilvæg

Hún segist eiga alls konar sögur sem geta verið öðrum víti til varnaðar. „Samskiptin við yfirþjón og eldhús eru til að mynda lyklatríði. Ef bókaðir eru aðrir skemmtikraftar sem eru vinsælir þurfa tímasetningar að standast. Ari Eldjárn getur ekki beðið í 15 mínútur. Mér finnst líka eins og veislustjórinn sé sá sem setur sparistemminguna í veisluna.“ Margrét segist einbeita sér að veislustjórn á viðburðum tengdum fyrirtækjum, en á námskeiðinu verði líka farið út í punkta sem henta brúðkaupum, stórafmælum og ráðstefnum.

„Ég myndi segja að námskeiðið henti í raun öllum þeim sem sjá fyrir sér að stýra mannamótum. En svo er líka gott að muna að veislan er aldrei skemmtilegri en fólkið sem er í henni. Það á jafnt við um veislustjórnann og þá sem sitja með manni við borð.“

Pláss fyrir fleiri veislustjóra

Margrét hefur verið í bransanum síðan 2007 og segir marga halda að eftir það hafi komið dýfa í skemmtibransann.

„Þvert á móti. Vinnustaðir leggja mikið upp úr að halda í þessi mannamót á borð við árshátíðir, þorablót og jólahlaðborð, því þau eru svo mikilvæg fyrir mórallinn. Við sjáum það líka á fjölda viðburðafyrirtækja að fólk sækir í þjónustu þar sem er ákveðin reynsla til staðar. Ástæðan fyrir því að

» Boðið verður upp á þrjú námskeið, mánudaginn 12. ágúst kl. 18-21 þriðjudaginn 13. ágúst kl. 11-14 og mánudaginn 19. ágúst kl. 18-21.

Námskeiðin fara fram í Gym og tónik-salnum á Kex og fer skráning fram á tix.is.

ég ákvað að halda þetta námskeið er að til dæmis núna í mars síðastliðnum var ég í vandræðum að benda á fólk því ég var bókuð öll föstudags- og laugardagskvöld í þeim mánuði,“ segir Margrét.

Hún segir alla sem hún hafi þekkt og gat vanalega beint fólki til hafi einnig verið uppbókaða þann mánuðinn.

„Það er því pláss fyrir fleiri veislustjóra og skemmtikrafta, sérstaklega sem taka að sér minni veislur, og fullt af fólki sem langar að vita hvort þetta er eitthvað sem hentar því. Það eru tvö pláss laus á námskeiðið í kvöld, mánudagskvöld, og aðeins fleiri á morgun og næsta mánudag.“
steingerdur@frettabladid.is



Í sumar ferðaðist Margrét um landið með fjöllistasýninguna **Búkalú**. MYND/ GALLERÝ UNDIR-HEIMAR

Frábært verð í ágúst og september

Spari dagar

Gerðu verðsamanburð!

Verð frá kr.

67.995



Verð frá kr.

87.995



**BÓKAÐU SÓL
ALLUR PAKKINN**

Íslensk fararstjórn,
taska og handfarangur
innifalið.

Stórlækkað verð á öllum brottförum í ágúst og september!

Tenerife 21. ágúst í 7 nætur



Globales Tamaimo Tropical

Frá kr. 67.995

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn
Frá kr. 87.995 á mann m.v. 2 fullorðna

Innifalið: Flug, Gisting

Costa del Sol 3. september í 7 nætur



ALLT INNIFALIÐ

Globales Playa Estepona

Frá kr. 99.395

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn
Frá kr. 124.295 á mann m.v. 2 fullorðna

Innifalið: Flug, Gisting, ALLT INNIFALIÐ

Alicante borg 27. ágúst í 7 nætur



Sercotel Hotel Spa

Frá kr. 89.995

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn
Frá kr. 122.596 á mann m.v. 2 fullorðna

Innifalið: Flug, Gisting, Morgunverður

Costa del Sol 10. september í 7 nætur



Vegasol Playa

Frá kr. 79.845

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn
Frá kr. 100.095 á mann m.v. 2 fullorðna

Innifalið: Flug, Gisting

Costa del Sol 27. ágúst í 7 nætur



Vegasol Playa

Frá kr. 69.995

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn
Frá kr. 107.195 á mann m.v. 2 fullorðna

Innifalið: Flug, Gisting

Tenerife 4. september í 7 nætur



Globales Tamaimo Tropical

Frá kr. 76.845

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn
Frá kr. 89.995 á mann m.v. 2 fullorðna

Innifalið: Flug, Gisting

Birt með fyrirvara um prentbílur. Heimisferðir áskilja sér rétt til læbættinga á síku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

595 1000 • **Bókaðu þína ferð á** [heimisferdir.is](https://www.heimisferdir.is)

Heimisferðir



BAKÞANKAR

Láru G. Sigurðardóttur



Að fara heim

Ung stúlka fylltist ótta þegar hún tók eftir hve hendur ömmu hennar skulfu þar sem hún lagði á borð. „Amma, ertu að deyja?“ spurði hún með titrandi röddu en amman hafði gengið henni í móðurstað. Amma svaraði blíðlega: „Nei elskan mín, ég er ekki tilbúin að fara heim.“

Sagan er atburður úr lífi kennara sem ég sótti nýverið tíma hjá og vakti mig til umhugsunar. Getur verið að við séum gestir á jörð? Getur verið að hið raunverulega heimili okkar sé annað en við sjáum oft fyrir okkur? Þó við leigjum eða eigum húsnæði sem við köllum heima þá er það tímabundið. Er okkar sönnu heimkynni í annarri vidd?

George E. Vaillant sem er geðlæknir og prófessor við Harvard segir æðri mátt (spirituality) snúast um tilfinningar og félagsleg tengsl – að láta sér meira annst um mannsandann eða sálina heldur en veraldlega eða líkamlega hluti.

Æðri máttur þarf ekki að vera yfirnáttúrulegt fyrirbæri heldur býr æðri máttur innra með hverju okkar. Þegar oxýtósín og endorfín slá taktinn í límbíska kerfi heilans finnum við djúpan tilgang með tilverunni. Jákvæðar tilfinningar eins og ást, umhyggja, gleði, fyrirgefning og þakklæti eru sem eldsneyti fyrir upplifun æðri máttar. Charles Darwin sagði jákvæðar tilfinningar frelsa okkur úr fjötrunum „ég og mitt“.

Það gildir einu hvort æðri máttur sé hormónaspil í heilanum eða tilvist sem skilvit okkar eiga erfitt með að nema, þá er útkoman sú sama. Að trú á æðri mátt hefur jákvæð áhrif á heilsu okkar.

Trúandi því að æðri máttur sé hluti af tilveru okkar gerir í mínum huga dauðann bærillegri og þegar manns tími kemur að fara heim þá er gott að trú á að þar bíði manns kærleiksríkt heimili.

Verð áður: 1.990 KR/KG

GOTTERÍ

Kvikk
ON THE GO

LÍFIÐ ER GOTTERÍ

50% AFSLÁTTUR FIM-SUN

Verð áður: 1.990 KR/KG

GOTTERÍ

Kvikk
ON THE GO

Brandenburg | sía



Stýrðu stemningunni!



Snjallt fyrir heimilið


Hue Ambient startpakki
19.990 kr.

þrjár perur, miðstöð og fjarstýring




Snjallt fyrir heimilið

Hue Ambient litapera
7.990 kr.



Snjallt fyrir heimilið

Google Home Mini
8.990 kr.



Snjallt fyrir heimilið

Sonos One hátalari
34.990 kr.

Vertu þinn eigin ljósameistari og tónlistarstjóri

Allt sem þú þarft til að stýra stemningunni á heimilinu eru réttu snjallvörurnar og Ljósleiðari hjá Nova, hraðasta netting á Íslandi!

Þú færð snjallt fyrir heimilið hjá Nova.

Stærsti skemmtistaður í heimi!

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, á Selfossi og á Glerártorgi Akureyri
Þjónustuver 519 1919 | www.nova.is

NOVA